# FRÉTTABLAÐIÐ

124. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 28. MAÍ 2018




Eftir spennandi kosninganótt standa öll spjót á nýkjörnum borgarfulltrúum Viðreisnar, þeim Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur og Pawel Bartoszek. Bæði Sjálfstæðismenn og Samfylkingin þurfa á félagsskap þeirra að halda í meirihluta. Þau funduðu í gær með forystu flokksins, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur formanni og Þorsteini Víglundssyni varaformanni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Þreifingar flokka víða komnar á skrið

**Samfylkingin gengur út frá því að oddviti flokksins verði áfram borgarstjóri ef Viðreisn gengur inn í meirihlutasamstarfið í borginni.**

KOSNINGAR Meirihlutaviðræður og þreifingar hafa átt sér stað milli flokka í hinum ýmsu sveitarfélögum um helgina. Meirihlutinn féll í meira en 20 sveitarfélögum á landinu og því ærið verkefni fyrir kjörna fulltrúa að koma á starfhæfum meirihluta á næstu tveimur vikum.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, segir málin skýrast á næstu dögum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun fráfarandi meirihluti setjast niður með Viðreisn nú í byrjun vikunnar og skoða fleti á mögulegu samstarfi. Dagur segir Samfylkinguna enn gera ráð fyrir að halda borgarstjórastólnum í slíku samstarfsmynstri. „Ég hef gengið út frá því en það eru engar viðræður hafnar,“ segir Dagur við Fréttablaðið.

Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuð og herðar yfir aðra stjórnmálaflokka á sveitarstjórnarstiginu. Af þeim fjölmörgu sveitarfélögum þar sem Sjálfstæðismenn buðu fram undir eigin merkjum fengu þeir mest fylgi í öllum nema sex.



Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins

Flokkurinn hlaut ágæta kosningu á höfuðborgarsvæðinu og er burðarás í sveitarstjórnum á kjörtímabilinu. Í Garðabæ og Reykjavík hlaut flokkurinn átta sveitarstjórnarmenn kjörna í hvoru sveitarfélagi og fimm menn bæði í Hafnarfirði og Kópavogi. Á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ hlaut flokkurinn fjóra menn kjörna.

„Sjálfstæðisflokkurinn má vel við una í þessum kosningum þrátt fyrir að hafa tapað meirihluta í Vestmannaeyjum og í Fjarðabyggð, svo dæmi séu tekin. Við sjáum að staða hans er gífurlega sterk á sveitarstjórnarstiginu og verður að öllum líkindum aðili að myndun meirihluta á fjölmörgum stöðum. Staða hans var einnig afar sterk á síðasta kjörtímabili og í raun enginn sem stenst honum snúning hvað þetta varðar,“ segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við HA.

– sa / sjá síður 4 og 6

## Bæjarstjóri fékk 360 þúsund í launahækkun

KJARAMÁL Mánaðarlaun bæjarstjóra Mosfellsbæjar hækkuðu um rúmlega 360 þúsund krónur í fyrra frá árinu 2016. Laun bæjarfulltrúa hækkuðu um tæp 34 prósent.

Bæjarstjórnendur í Mosfellsbæ fóru ekki þá leið sem margar sveitarstjórnir fóru, að afsala sér áhrifum hækkunar kjararáðs á þingfararkaupi í nóvember 2016. Í umfjöllun Fréttablaðsins kemur fram að laun bæjarstjórans á Akureyri hækkuðu um 100 þúsund krónur.

– smj / sjá síðu 8

**»» Bæjarstjórnendur í Mosfellsbæ fóru ekki þá leið að afsala sér áhrifum hækkunar kjararáðs.**




Safnaðu öllum leikmönnunum

## Fréttablaðið í dag

### Halldór




SKOÐUN Gylfi Arnbjörnsson sakar Ragnar Þór Ingólfsson um blekkingarleik. 12

SPORT Fyrirliðinn Guðlaugur Victor tók á móti bikarmeistaratitlinum í Sviss um helgina. 15

TÍMAMÓT Fjörutíu ár eru síðan meirihluti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn var felldur. 18

LÍFIÐ Fjarðabyggð kemur Eistnaflugi til bjargar. 26

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Vestan kaldi og dálítil væta í upphafi dags, en styttir síðan upp og rofar til. Væntanlega verður sólríkast og hlýjast á Austfjörðum og Suðausturlandi. SJÁ SÍÐU 20

# Atkvæði verða talin að nýju

**KOSNINGAR** Atkvæði verða talin á nýjan leik í Hafnarfirði í dag, að beiðni Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Lítið þurfti til að Samfylkingin fengi sinn þriðja mann inn í bæjarstjórn og enn minna að Vinstri græn næðu oddvita sínum inn, eða tíu atkvæðum hjá Samfylkingu og fimm hjá VG.

Þórdís Bjarnadóttir, formaður yfirkjörstjórnar í Hafnarfirði, staðfestir að endurtalningin hafi verið samþykkt og að hún muni hefjast klukkan 17 í dag. Átta manns hafa verið fengnir til verksins og gert er ráð fyrir að talning muni taka þrjár til fjórar klukkustundir.

Sjálfstæðisflokkurinn vann sigur í sveitarstjórnarkosningunum í Hafnarfirði á laugardaginn. Flokkurinn hlaut 33,7 prósent atkvæða og fimm menn kjörna.

Samfylkingin fékk tvo bæjarfulltrúa með sín 20 prósent. Þá fengu Framsóknarflokkurinn, Miðflokkurinn, Bæjarlistinn og Viðreisn öll einn mann kjörinn.
– sks

# Geirfinnsmál sett á dagskrá

**DÓMSMÁL** Guðmundar- og Geirfinnsmál eru komin á dagskrá Hæstaréttar. Munnlegur málflutningur verður 13. september næstkomandi en dóminn skipa Þorgeir Örlygsson, Greta Baldursdóttir, Helgi I. Jónsson, Ólafur Börkur Þorvaldsson og Viðar Már Matthíasson.

Endurupptökunefnd féllst í fyrra á beiðnir dómfelldu um endurupptöku manndrápsdómanna en synjaði beiðni um endurupptöku dóma fyrir rangar sakargiftir. Erla Bolladóttir á því ekki aðild að málinu, ein hinna dómfelldu.

Davíð Þór Björgvinsson sækir málið af hálfu ákæruvaldsins en hann gerir kröfu um að hin dómfelldu verði sýknuð. – aá

# Eldsvoði í Gullsmára í Kópavogi



Karlmaður á sjötugsaldri lést eftir að eldur kom upp á svölum íbúðar fjölbýlishúss í Gullsmára á laugardagskvöld. Maður og kona voru í íbúðinni og voru þau bæði flutt á sjúkrahús. Óskað var eftir aðstoð Rauða krossins vegna íbúa í húsinu sem kynnu að þurfa aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Líflátshótanir eftir leikinn

**BRETLAND** Markvörður Liverpool, Loris Karius, hefur fengið morðhótanir og hótanir um ofbeldi á samfélagsmiðlunum eftir hræðilega frammistöðu hans í úrslitaleik Liverpool og Real Madrid á laugardaginn. Liverpool tapaði leiknum 3-1. Fréttastofa Sky greindi frá.

Karius grét að leik loknum. Hann viðurkenndi mistök sín og bað aðdáendur innilega afsökunar á að hafa brugðist þeim og liðinu.

Nokkrir aðdáendur Liverpool hafa komið Karius til varnar og fordæma hótanir í hans garð. „Fólkið sem er að tísta um Loris Krius og segjast vona að hann deyi er ekki Liverpool-aðdáendur. Það eru ógeðslegar manneskjur.“ – jhh

**Nokkrir aðdáendur Liverpool hafa komið Karius til varnar.**




# Bændur vildu kynna fólki náttúru Mývatns

**Bændur við Geiteyjarströnd vildu bjóða farþegasiglingar á Mývatni á rafmagnsbáti en fá ekki eftir úrskurð í tveggja ára kærumáli. Ástæðan er verndun fuglalífs og ágangur ferðamanna. Vildu leyfa fólki að kynnast vatninu af ábyrgð.**

**UMHVERFISMÁL** „Við erum ekkert farnir að skoða hvort við förum með málið lengra,“ svarar Helgi Héðinsson, einn landeigenda á Geiteyjarströnd, en þeir ekki fá að hefja farþegasiglingar á Mývatni á tuttugu manna rafmagnsbáti.

Umhverfisstofnun synjaði landeigendunum um leyfi fyrir rafmagnsbátnum vorið 2016. Var starfsemin talin geta haft truflandi áhrif á fuglalíf auk þess sem svæðið væri undir miklu álagi og á rauðum lista Umhverfisstofnunar, meðal annars vegna ágangs ferðamanna. Synjuninni var skotið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem hafnaði því að ógilda ákvörðun Umhverfisstofnunar.

„Það eru tvö ár síðan við lögðum þessa kæru fram og höfum ekki verið að velta málinu mikið fyrir okkur síðan en töldum mikilvægt að fá úrskurð,“ segir Helgi sem kveður eigendur Geiteyjarstrandar ekki hafa lagt í neinn sérstakan kostnað vegna málsins enda sé staða Mývatns þannig að ávallt þurfi að leita til Umhverfisstofnunar varðandi slíka starfsemi.

Helgi undirstrikar að ekki hafi verið að um að ræða viðskiptasjónarmið af hálfu landeigenda heldur fyrst og fremst tímabundið tilraunaverkefni í samstarfi við Náttúrurannsóknastöðina, Umhverfisstofnun og veiðifélagið og í þágu þeirra sem ekki eigi þess kost að fara út á Mývatn.

„Að fara út á Mývatn er einstök upplifun sem afar erfitt er að lýsa. Það sem vakir fyrir okkur er fyrst og fremst að geta boðið fólki að kynnast vatninu með ábyrgum hætti,“ segir Helgi og minnir á að ætlunin hafi verið að bjóða siglingu á hljóðlausum rafmagnsbáti.



Silungsveiði hefur glæðst í Mývatni síðustu ár eftir mikla ládeyðu um hríð. FRÉTTABLAÐIÐ/BBH

> **Þú getur örugglega talið á fingrum þér hvað þú þekkir marga sem hafa farið út á Mývatn.**
>
> Helgi Héðinsson á Geiteyjarströnd

„Veiðibændur við Mývatn líta ekki á þetta sem fyrirtæki heldur meira að fólk geti haft tækifæri til að kynnast fuglalífinu og kyrrðinni sem ríkir á vatninu. Þú getur örugglega talið á fingrum þér hvað þú þekkir marga sem hafa farið út á Mývatn.“

Silungsveiði hefur lengi verið stunduð í Mývatni og þar er eggjataka. „Allar hefðbundnar fiskveiðar og meira að segja Náttúrurannsóknastöðin notast við tvígengismótora. Við veltum því fyrir okkur hvort það geti ekki verið ábyrgari nýting að njóta þess með því að fara út á vatn í hljóðlausum bát,“ segir Helgi. „Á sama tíma er Umhverfisstofnun að byggja upp göngustíga meðfram vatnsbakkanum og ég sé eiginlega ekki eðlismuninn.“

gar@frettabladid.is




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## 50% rafdrifinn

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.

Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018

# Konur styrkja stöðu sína í sveitarstjórnum víðs vegar um land

Fleiri konur en nokkru sinni fyrr náðu kjöri til sveitarstjórna í kosningum helgarinnar. Konur eru nú um 47 prósent sveitarstjórnarmanna en voru um 44 prósent fyrir fjórum árum.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, er að vonum ánægð ef hlutfall kynjanna er að jafnast enn frekar í sveitarstjórnum landsins.

„Samkvæmt fyrstu skoðun virðist vera að draga saman með kynjunum en það er afar jákvætt að heildarhlutfallið er að jafnast. Þetta er því að þokast í rétta átt,“ segir Katrín Björg. „Hins vegar munum við fara ítarlega ofan í þessar tölur og skoða hvernig þetta lítur út í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Kynjaskiptingin er auðvitað mismunandi eftir sveitarfélögunum.“

Katrín segir jafna stöðu kynjanna innan sveitarfélaga auðvitað æskilega. „Þó við séum auðvitað ánægð með þetta munum við einnig skoða stöðu sveitarstjóra vítt og breitt um landið. Þar er heilmikið sem þarf að horfa til en einn af hverjum fjórum sveitarstjórum á síðasta kjörtímabili var kona. Það verður að segjast að það hlutfall er ekki eins ákjósanlegt og hlutfall kvenna inni í sveitarstjórnunum sjálfum,“ bætir Katrín Björg við. **– sa**

**» Konur eru nú um 47 prósent sveitastjórnarmanna, en voru 44 prósent.**



**Um 67 prósent kusu í Reykjavík.**
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fleiri kusu nú en árið 2014

Kosningaþátttaka var ívið betri í Reykjavíkurborg en hún var fyrir fjórum árum. Hún var rétt rúmlega 67 prósent. Í kosningunum 31. maí 2014 var kosningaþátttakan rétt tæplega 63 prósent og var um 67 prósent að meðaltali yfir landið allt. Kosningaþátttakan í sveitarstjórnarkosningum er almennt lakari en í alþingiskosningum en í þingkosningunum haustið 2017 var hún 81,2 prósent. **– jhh**

## Meirihluti að fæðast í Árborg

Viðræður um myndun nýs meirihluta í Árborg án aðkomu Sjálfstæðisflokksins eru hafnar. Frá þessu var greint í tilkynningu til fjölmiðla. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði hreinum meirihluta sínum í gær og hefur nú fjóra kjörna fulltrúa í stað fimm áður. Samfylkingin fékk tvo kjörna, Framsókn og óháðir, Áfram Árborg og Miðflokkurinn fengu einn mann hvert framboð.

Í tilkynningunni segir að úrslit kosninga sýni að kjósendur í Árborg hafi hafnað áframhaldandi meirihluta Sjálfstæðisflokksins og því eðlilegt að látið sé reyna á að nýr meirihluti verði myndaður án aðkomu hans. **– jhh**

**» Forsvarsmenn framboðanna telja úrslit kosninganna þýða að meirihlutanum hafi verið hafnað.**

# Meirihlutaviðræður oddvita í Reykjavík gætu hafist í dag

**Fráfarandi meirihluti Samfylkingar, VG og Pírata kappkostar að fá Viðreisn til fylgilags við sig á komandi kjörtímabili. Sjálfstæðisflokkurinn er í þrengri stöðu við myndun meirihluta þrátt fyrir að vera stærsti flokkurinn. Prófessor í stjórnmálafræði segir ekki útilokað að Samfylkingin láti stól borgarstjóra frá sér.**

Viðræður oddvita flokkanna sem náðu inn í borgarstjórn munu halda áfram í dag en óformlegar þreifingar áttu sér stað í gær. Fráfarandi meirihluti telur eðlilegast að sækja sér liðsstyrk til Viðreisnar og halda áfram meirihlutasamstarfi í borginni. Að mati aðila innan fráfarandi meirihluta er lítið sem ber í milli hjá núverandi meirihluta og borgarstjórnarflokki Viðreisnar í flestum stóru kosningamálunum sem bar á góma í kosningabaráttunni.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar, er í afar ákjósanlegri stöðu til að mynda nýjan meirihluta og hefur í raun flest spil á hendi sér eins og staðan er núna.

Sjálfstæðisflokkurinn er aftur stærsti flokkurinn í borgarstjórn eftir þessar kosningar, hlaut yfir þrjátíu prósenta fylgi og átta borgarfulltrúa kjörna.

Ætli Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar að komast í meirihluta í borgarstjórn þarf hann á liðsinni Viðreisnar að halda og gæti því þurft að gefa mikið eftir í viðræðum við Viðreisn.

Það sem kemur þó helst í veg fyrir þann meirihluta, að mati heimildarmanna Fréttablaðsins, er sú staða að hugmyndir Viðreisnar og Miðflokksins eru algjörlega á öndverðum meiði þegar kemur að framtíðarþróun borgarinnar í skipulags- og samgöngumálum.

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræðum við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri, segir stöðu Viðreisnar vera afar góða. „Samfylkingin er að tapa fylgi í kosningunum og kemur kannski ögn særð út úr þessum kosningum. Því yrði það erfitt fyrir Samfylkinguna að setja einhverja afarkosti um að flokkurinn haldi stóli borgarstjóra,“ segir Grétar.

„Það verður áhugavert að sjá hvernig spilast úr þessu á næstu dögum en málefnalega sýnist manni svona í grófum dráttum að Viðreisn ætti auðveldara með að samsama sig þeim meirihluta sem var við völd á síðasta kjörtímabili.“

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík, má þakka fjölgun borgarfulltrúa úr 15 í 23 að hún hafi náð kjöri inn í borgarstjórn. Líf er sextándi borgarfulltrúinn í Reykjavík og hefði ekki náð inn í borgarstjórn væru borgarfulltrúar en 15 talsins.

VG hlaut ekki góða kosningu í sveitarstjórnarkosningum laugardagsins og missti til að mynda fulltrúa sína í Hafnarfirði og í Kópavogi. Einnig má nefna að flokkurinn náði ekki að manna framboð í kosningunum á Akranesi. Grétar telur aftur á móti að þessar kosningar muni ekki hafa mikil áhrif á flokkinn í ríkisstjórnarsamstarfi við Framsókn og Sjálfstæðisflokk.

sveinn@frettabladid.is

**60**

**þúsund manns greiddu atkvæði í Reykjavík í kosningunum á laugardaginn.**

**» Borgarfulltrúi VG má þakka fjölgun borgarfulltrúa að flokkurinn hafi náð einum fulltrúa inn.**

**Borgarstjórn Reykjavíkur 2018 - 2022**




C Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
C Pawel Bartoszek

D Eyþór Arnalds
D Hildur Björnsdóttir
D Valgerður Sigurðardóttir
D Egill Þór Jónsson
D Marta Guðjónsdóttir
D Katrín Atladóttir
D Örn Þórðarson
D Björn Gíslason

F Kolbrún Baldursdóttir

J Sanna Magdalena Mörtudóttir

M Vigdís Hauksdóttir

P Dóra Björt Guðjónsdóttir
P Sigurbjörg Ósk Haraldsdóttir

S Dagur B. Eggertsson
S Heiða Björg Hilmisdóttir
S Skúli Helgason
S Kristín Soffía Jónsdóttir
S Hjálmar Sveinsson
S Sabine Leskopf
S Guðrún Ögmundsdóttir

V Líf Magneudóttir

*Framsóknarflokkurinn, Íslenska þjóðfylkingin, Höfuðborgarlistinn, Kvennahreyfingin, Borgin okkar - Reykjavík, Alþýðufylkingin, Karlalistinn og Frelsisflokkurinn

SUMARTILBOÐ Á
CHEROKEE
LONGITUDE
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
TILBOÐSVERÐ
5.690.000 KR.
LISTAVERÐ 6.390.000 KR.
TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI - ÞVERHOLTI 6 - 270 MOSFELLSBÆR- SÍMI: 534 4433
WWW.JEEP.IS - WWW.ISBAND.IS - ISBAND@ISBAND.IS - OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

sjova.is

440 2000

# Sjóvá er Fyrirtæki ársins í flokki stærri fyrirtækja í vinnumarkaðs-könnun VR.

Við erum þakklát og stolt af starfsfólki okkar sem á hverjum degi leggur sig fram um að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

**Gerum tryggingar betri**









SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018

# Meirihlutinn í bæjarstjórn Akureyrar hélt velli í fyrsta sinn

„Ég held að niðurstaðan sé að segja okkur það að Akureyringar séu tiltölulega sáttir við meirihlutann og þess vegna sé eðlilegt að vinna áfram saman,“ segir Hilda Jana Gísladóttir, oddviti Samfylkingarinnar á Akureyri.

Allir þrír flokkarnir sem mynduðu meirihluta á síðasta kjörtímabili, það er L-listinn, Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn, fengu tvo menn kjörna hver af ellefu mönnum í bæjarstjórninni. Það þýðir að meirihlutinn heldur velli og er það í fyrsta sinn sem það gerist á Akureyri.

**Fulltrúar flokkanna þriggja í meirihlutanum hittust í gær og eru sammála um að halda samtalinu áfram.**

Fulltrúar flokkanna þriggja hittust í gær til að fara yfir málin og er Hilda Jana bjartsýn á stöðuna. Fundað verður áfram í dag.

„Ef maður skoðar stefnu flokkanna frá því í kosningunum þá get ég ekki séð á neinu að það ættu að vera einhver stór mál sem myndu stoppa. Ég sé ekki hvar það ætti að vera,“ segir Hilda Jana.



Hilda Jana Gísladóttir.

**Kosningar 26. maí**




Það liggur þó fyrir að meirihlutinn þarf að ráða sér nýjan bæjarstjóra, því Eiríkur Björn Björgvinsson, sem var ráðinn bæjarstjóri eftir síðustu kosningar, hefur tilkynnt að hann ætli að hætta í starfi sínu.

„Við höfum talað um að við viljum auglýsa starfið,“ segir Hilda Jana um næsta bæjarstjóra, en bætir jafnframt við að engar ákvarðanir hafi verið teknar um málið. – **jhh**

## Aðeins tveimur atkvæðum frá meirihluta

Aðeins tveimur atkvæðum munaði á því að Ragnar Sigurðsson, þriðji maður Sjálfstæðisflokksins í Fjarðabyggð, kæmist inn í bæjarstjórn. Það hefði þá verið á kostnað fjórða manns Fjarðalistans, sem vann sigur í kosningunum á laugardaginn.

Sjálfstæðisflokkurinn hefði þurft að ná þriðja manninum inn til að halda velli. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins féll því á tveimur atkvæðum. – **sa**

## Breytt staða á Seyðisfirði

Seyðisfjarðarlistinn hlaut hreinan meirihluta á Seyðisfirði í sveitarstjórnarkosningunum á laugardag og verður að telja það nokkur tíðindi. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, sem fóru með meirihluta í bænum, hafa stýrt bæjarfélaginu síðustu áratugina.

Hildur Þórisdóttir, oddviti Seyðisfjarðarlistans, segir þennan árangur hafa verið framar vonum. „Ég var bjartsýn fyrir þessar kosningar en þetta er nú meira en ég bjóst við. Við erum ofboðslega þakklát fyrir stuðninginn,“ segir Hildur.

Hún segir það hafa verið á stefnuskránni að auglýsa eftir bæjarstjóra og framboðið hviki ekki frá því loforði. „Við sögðumst ætla að ráða bæjarstjóra og auglýsa eftir slíkum. Við ætlum að standa við það loforð.“

Seyðisfjarðarlistinn fékk 53 prósent atkvæða og fjóra menn í bæjarstjórn. Sjálfstæðisflokkur kom næstur með um 31 prósent og tvo bæjarfulltrúa. Framsókn fékk 16 prósent atkvæða og einn mann. – **sa**

# Eyjalistinn ætlar að ræða við D-lista og Heimaeyjarframboð

**Það munaði hársbreidd að Sjálfstæðismenn í Eyjum fengju fjóra menn kjörna og héldu meirihluta sínum. Klofningsframboðið vill ræða við Eyjalistann, en Eyjalistinn ætlar að ræða við bæði Sjálfstæðisflokkinn og Fyrir Heimaey. Sjálfstæðismenn hafa haft hreinan meirihluta í Vestmannaeyjum síðustu tólf árin.**

Eyjalistinn ætlar í dag að ræða bæði við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og nýja framboðsins, Fyrir Heimaey.

Hársbreidd munaði að Sjálfstæðismenn fengju fjóra menn kjörna á laugardaginn og héldu þannig meirihluta. Hann fór þó að lokum til Heimaeyjarframboðsins og Eyjalistinn tapaði líka einum manni.

Jóhann Pétursson, formaður yfirkjörstjórnar í Vestmannaeyjum, sagði við fréttastofu RÚV að Sjálfstæðisflokkurinn hefði þurft sex atkvæði til að ná fjórða manninum inn og halda þannig hreinum meirihluta. Þess vegna hefði verið ákveðið að telja aftur.

Íris Róbertsdóttir, oddviti Heimaeyjarframboðsins, er fyrrverandi varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins og eiga margir sem að framboðinu stóðu rætur að rekja þangað.

Stofnað var til framboðsins eftir að ákveðið var að Sjálfstæðisflokkurinn myndi ekki efna til prófkjörs í Vestmannaeyjum til að stilla upp á lista. Þá hefur Íris sagt við Fréttablaðið að hún vilji auka beint lýðræði. Meðal annars eigi íbúar í Vestmannaeyjum að fá að koma betur að þeirri ákvörðun hvort bærinn taki yfir rekstur Herjólfs.

Íris var að funda með stuðningsfólki listans þegar Fréttablaðið náði af henni tali í gær. „Eins og úrslitin gefa til kynna þá erum við búin að óska eftir því að hitta Eyjalistann. Það verða fyrstu skrefin,“ sagði Íris um komandi meirihlutaviðræður flokkanna.



Sjálfstæðismenn hafa stýrt í Vestmannaeyjum í tólf ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Kosningar 26. maí**




> **Eins og úrslitin gefa til kynna þá erum við búin að óska eftir því að hitta Eyjalistann.**
>
> Íris Róbertsdóttir, oddviti Fyrir Heimaey



Njáll Ragnarsson, oddviti Eyjalistans, segir framboðið ætla að ræða við báða aðila í dag og meta stöðuna eftir það.

Hann bendir þó á að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið með hreinan meirihluta í tólf ár. „Kosningarnar eru ákveðinn dómur á þann meirihluta. Við fáum líka okkar skell og missum mann og töpum einhverjum atkvæðum, þó þau séu ekki mörg. Ég held að Heimaeyjarframboðið sé svolítið með byrinn í seglin og kosningarnar gefa það til kynna að fólk vill breytingar,“ segir hann.

Bæjarstjórinn í Eyjum, Elliði Vignisson, segir að ef niðurstaðan verði sú að hann gangi frá borði, þá sé hann sáttur. „Ég er búinn að vera bæjarstjóri í tólf ár og það er ágætt á starfsferilskrána að hafa tekið við einu verst setta sveitarfélaginu og skilað af sér einu því best setta.“

**jonhakon@frettabladid.is**



Salatbar
alltaf ferskur

# Meira fljótlegt



**Salatbar**

Alltaf ferskur

**1.799** kr/kg

**Pasta og núðlur:**
- Pasta rautt
- Pasta hvítlauks
- Pasta með basilpestó
- Pasta í sinneps- og dilldressingu
- Maccarónur í tómatpestó
- Núðlur í súrsætri sósu

**Salat:**
- Spínat
- Garðsalat
- Kínakálsblanda
- Klettasalat

**Grænmeti:**
- Paprikublanda
- Gulrætur
- Rauðlaukur
- Rauðrófusalat
- Spergilkál
- Sæt kartöflumús
- Mangó hrásalat
- Maíssalat
- Ferskt salsa

**Prótein:**
- Grísa- og eplasalat
- Rifinn kjúklingur
- Steikt beikon
- Surimi salat
- Kjúklingabollur í Indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Fetaostur
- Tzatziki
- Grænbaunamauk
- Spínathummus

## Nýjar dressingar í salatbar

- Avocado Ranch dressing
- Caesar dressing
- Chunky Blue Cheese dressing
- Ranch dressing
- Supreme Caesar dressing
- Thousand Island dressing
- Balsamic Vinaigrette dressing
- Lemon Vinaigrette dressing
- Pomegranate Vinaigrette dressing
- Red Wine Vinaigrette dressing

24
**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

HAGKAUP
Meira svona alla daga


Lilja Dögg Alfreðsdóttir hitti Angel Gurría hjá OECD. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Jafnréttið hefur bætt efnahaginn

**MENNTUN** Norðurlönd væru tuttugu árum skemur á veg komin efnahagslega ef umbætur í jafnréttismálum hefðu ekki stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem unnin var að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hitti Ángel Gurría, framkvæmdastjóra OECD, í liðinni viku og ræddi skýrsluna við hann.

„Þau framfaraskref sem stigin hafa verið í jafnréttisátt á Norðurlöndunum hafa skilað okkur miklum árangri í efnahagslegu tilliti. Þar skiptir menntun máli – efling leikskólastigsins hefur aukið möguleika fólks á vinnumarkaði og menntunarstig kvenna hefur fjölgað tækifærum þeirra til fjölbreyttari starfa,“ segir í frétt mennta- og menningarmálaráðuneytisins af fundinum. **– jhh**

# Fékk 360 þúsund króna viðbót

Mánaðarlaun Haraldar Sverrissonar, bæjarstjóra í Mosfellsbæ, hækkuðu um 360.000 krónur í fyrra. Laun bæjarstjórnarinnar hækkuðu um tæp 34 prósent. Bæjarstjórinn meðal launahæstu bæjarstjóra landsins.

**KJARAMÁL** Mánaðarlaun bæjarstjóra Mosfellsbæjar hækkuðu um rúmlega 360 þúsund krónur í fyrra frá árinu 2016. Laun bæjarfulltrúa hækkuðu um tæp 34 prósent. Bæjarstjórnendur í Mosfellsbæ fóru ekki þá leið sem margar sveitarstjórnir fóru, að afsala sér áhrifum hækkunar kjararáðs á þingfararkaupi í nóvember 2016.

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað um hvernig áhrif kjararáðshækkunarinnar, eða annarra leiða sem farnar voru við útreikning launa, hafa birst í ársreikningum sveitarfélaganna.

Ársreikningarnir eiga það allir sameiginlegt að þar er lítið gagnsæi. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórna og bæjarstjóra eru jafnan afgreidd í einni setningu, birt sem ein heildarupphæð og oft án samanburðar við árið áður. Fréttablaðið hefur því að undanförnu kallað eftir sundurliðun á þessum upplýsingum til að sýna fram á launaþróun kjörinna fulltrúa milli áranna 2016 og 2017. Það leiddi meðal annars til þess að Fréttablaðið greindi frá því hvernig laun bæjarstjóra Kópavogs hækkuðu um rúmlega 612 þúsund krónur á mánuði og nema í dag um 2,5 milljónum.

Athygli vekur að bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Haraldur Sverrisson, fékk tvær milljónir króna á mánuði fyrir störf sín sem bæjarstjóri og sem kjörinn bæjarfulltrúi. Það er 361 þúsund krónum meira en árið 2016 eða hækkun sem nemur 22 prósentum. Laun bæjarfulltrúa námu 34 milljónum árið 2017 en voru 25,4 milljónir árið áður. Hækkunin nemur 33,8 prósentum.

Samkvæmt upplýsingum frá Mosfellsbæ hækkuðu laun bæjarstjórnar frá og með 1. janúar 2017 í samræmi við hækkun þingfararkaups. Ákveðið hafi þó verið að lækka þóknun til bæjarfulltrúa úr 25 prósentum af þingfararkaupi í 22,5 prósent sem hafi skilað því að hækkunin varð minni en ella.

Bæjarstjóralaunin hækkuðu sömuleiðis vegna ákvörðunar kjararáðs. En samkvæmt ráðningarsamningi skulu laun hans fylgja launum ráðuneytisstjóra. Bæjarstjórinn, sem einnig er kjörinn bæjarfulltrúi eins og víða tíðkast, þiggur því tvöföld laun og er meðal launahæstu bæjarstjóra landsins. Um 9.800 íbúar voru í Mosfellsbæ í lok síðasta árs. **mikael@frettabladid.is**

### Launin í Mosfellsbæ

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Laun bæjarstjórnar | 33,9 m.kr. | 25,3 m.kr. |
| Bifreiðastyrkur bæjarstjórnar | 0,1 m.kr. | 0,1 m.kr. |
| **Samtals laun v/bæjarstjórnar** | **34,0 m.kr.** | **25,4 m.kr.** |
| Launatengd gjöld | 5,3 m.kr. | 4,0 m.kr. |
| **Samtals laun og launatengd gjöld** | **39,3 m.kr.** | **29,4 m.kr.** |
| Dagvinnulaun bæjarstjóra | 15,5 m.kr. | 13,2 m.kr. |
| Föst yfirvinnulaun bæjarstjóra | 4,8 m.kr. | 4,1 m.kr. |
| Desemberuppbót bæjarstjóra | 0,2 m.kr. | 0,2 m.kr. |
| Bifreiðastyrkur bæjarstjóra | 0,5 m.kr. | 0,0 m.kr. |
| **Samtals laun bæjarstjóra** | **21,0 m.kr.** | **17,5 m.kr.** |
| Launatengd gjöld | 3,6 m.kr. | 3,2 m.kr. |
| **Samtals laun og launatengd gjöld** | **24,6 m.kr.** | **20,7 m.kr.** |


Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ

### Eiríkur fékk hækkun

Laun bæjarfulltrúa á Akureyri hækkuðu um rúmlega 31 prósent milli ára í fyrra en mánaðarlaun bæjarstjórans, Eiríks Björns Björgvinssonar, hækkuðu um aðeins sjö prósent. Mánaðarlaun bæjarstjórans hækkuðu þó um 103 þúsund krónur á mánuði.

Akureyringar fóru þá leið, líkt og margar aðrar sveitarstjórnir, að aftengja launakjör sín þingfararkaupi og þar með riflegri launahækkun kjararáðs frá nóvember 2016. Í staðinn taka laun þeirra og bæjarstjóra nú breytingum í samræmi við launavísitölu, tvisvar á ári. Laun bæjarstjórnar, ráðs og nefnda nema nú skilgreindu hlutfalli af viðmiðunarfjárhæð, sem er 960.607 krónur.

Bæjarstjórinn fékk 1.562 þúsund krónur á mánuði í fyrra samanborið við 1.459 þúsund árið 2016. Launakostnaður bæjarstjórnar fór úr 29,1 milljón króna árið 2016 í 38,2.


Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri



SUZUKI
Way of Life!

KOMDU OG PRÓFAÐU SWIFT SPORT

# NÝR SWIFT Sport

## NÝR, SPORTLEGUR OG SPENNANDI SWIFT SPORT



SUZUKI SWIFT SPORT ER MEÐ 140 HESTAFLA 1,4L BOOSTERJET MÓTOR. SWIFT SPORT ER AÐEINS 970 KG SVO AÐ AFLIÐ KEMST ALLT TIL SKILA.

KOMDU OG REYNSLUAKTU ÞESSUM FRÁBÆRA BÍL.

VERÐ KR.
**3.260.000**

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Ekki er öll nótt úti enn með fund Donalds Trump og Kim Jong-un

**NORÐUR-KÓREA** Það er eindreginn vilji Kim Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu, að hitta Donald Trump Bandaríkjaforseta í Singapúr þann 12. júní næstkomandi líkt og upphaflega stóð til. Þetta kemur fram í frétt BBC um óvæntan fund sem leiðtoginn átti með forseta Suður-Kóreu, Moon Jea-in, á laugardag. Þeir voru sammála um mikilvægi fundar leiðtogans við Donald Trump.

Haft er eftir Moon Jea-in að á fundinum hafi Kim Jong-un sagst vera algjörlega staðráðinn í því að fylgja algjörri útrýmingu kjarnavopna á Kóreuskaganum. Hann sé hins vegar óviss um hvort hann geti treyst á að Bandaríkin hætti óvinveittum samskiptum við Norður-Kóreu.

Svo virðist sem undirbúningur af hálfu Bandaríkjanna sé einnig í fullum gangi. Sendinefnd frá Bandarískum yfirvöldum flaug til Norður-Kóreu í gær til að undirbúa fundinn, að því er fram kemur í frétt á vef CNN.

Síðastliðinn fimmtudag sendi Donald Trump bréf til Kim Jong-un þess efnis að hann þyrfti að aflýsa fundi þeirra. Í bréfinu sem



Trump og Kim Jong-un gætu hist þann 12. júní.

Trump birti á Twitter sagði hann ákvörðunina hafa verið tekna vegna „þeirrar miklu reiði sem mætti greina í nýjustu yfirlýsingu“ einræðisríkisins.

Það var svo ekki nema degi síðar að Trump sagði í tísti að bandarísk yfirvöld ættu í uppbyggilegum samræðum um fundinn við norðurkóresk yfirvöld. Afstaða Trumps hefur því tekið einhverjum breytingum frá því á fimmtudag. – gþs



Giuseppe Conte verður að öllum líkindum ekki forsætisráðherra Ítalíu.

## Enn er bið eftir stjórn á Ítalíu

**ÍTALÍA** Forsætisráðherraefnið Giuseppe Conte hefur skilað stjórnarmyndunarumboðinu á Ítalíu. Conte tók þessa ákvörðun eftir að Sergio Mattarella, foseti Ítalíu, hafnaði vali Conte á efnahagsráðherra. Conte vildi fá Paolo Savona í ráðherrastólinn, en sá hefur miklar efasemdir um Evrópusambandið.

Ákvörðun forsetans fór illa í forystu Bandalagsins og Fimmstjörnuhreyfingarinnar sem hafa reynt að mynda ríkisstjórn en ellefu vikur eru nú frá kosningum. Þetta gæti kallað á nýjar kosningar í landinu en Mattarella segist ætli að bíða með þá ákvörðun. – gþs

## Kólumbíumenn að kjörborðinu

**KÓLUMBÍA** Forsetakosningar fóru fram í Kólumbíu í gær. Kosningarnar gætu stefnt friðarsamningi þarlendra stjórnvalda við skæruliðasamtökin FARC í hættu, en sá sem mælist efstur í skoðanakönnunum vill breyta samningnum.

Ivan Duque, frambjóðandi Lýðræðislega miðflokksins, ætlar sér að fangelsa skæruliða FARC fyrir stríðsglæpi nái hann kjöri. Sá sem mælist næstur er vinstri maðurinn Gustavo Petro sem vill berjast gegn misskiptingu með því að útdeila auði ríkra til fátækra. Fjárfestar óttast að Petro nái kjöri en hann hefur sagst vilja snúa baki við olíuframleiðslu. – gþs

# Banni á fóstureyðingum aflétt með þjóðaratkvæði á Írlandi

**Tveir af hverjum þremur kusu með því að fella stjórnarskrárviðauka úr gildi sem bannar fóstureyðingar. Fóstureyðingar hafa verið ólöglegar á Írlandi frá 1983. Mikill fjöldi kom saman til að fagna niðurstöðunni. Forsætisráðherra landsins gerir ráð fyrir að lög sem heimila fóstureyðingar verði komin í gildi fyrir áramót.**

**ÍRLAND** Meirihluti Íra kaus með afléttingu banns á fóstureyðingum í sögulegri þjóðaratkvæðagreiðslu á föstudag. Kosið var um hvort fella ætti úr gildi áttunda viðauka stjórnarskrár landsins og voru tveir þriðju kjósenda fylgjandi því.

Í viðaukanum sem verður felldur úr gildi er réttur ófædds barns til lífs staðfestur. Fóstureyðingar hafa því verið bannaðar með lögum í landinu frá því að viðaukinn kom til sögunnar eftir þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin var árið 1983. Fóstureyðingar hafa verið leyfðar með undantekningum, ef meðganga stefnir lífi móður alvarlega í hættu.

Barry Ryan, formaður kjörstjórnar, kynnti úrslitin bæði á írsku og ensku í Dyflinnarkastala á laugardag. Mikill fjöldi safnaðist saman fyrir framan kastalann til að hlýða á niðurstöðuna og fagna úrslitunum í kjölfarið.

Í mannmergðinni mátti meðal annars sjá spjöld þar sem kallað var eftir því að sambærilegar breytingar yrðu gerðar á Norður-Írlandi, en hvergi á Bretlandseyjum eru settar strangari skorður við fóstureyðingum en þar.



Mikill fjöldi fólks fylgdist spenntur með fregnum af úrslitum kosninganna á Írlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Þess má geta að Donegal-hérað sem liggur nyrst á eyjunni, samsíða Norður-Írlandi, var eina kjördæmið af 40 þar sem niðurstaðan var gegn afnámi bannsins.

Forsætisráðherra Írlands, Leo Varadkar, sagði daginn sögulegan fyrir Írland og niðurstöðurnar sýna að írska þjóðin bæri virðingu fyrir ákvörðunarrétti kvenna. „Ég fullvissa ykkur um að Írland í dag er það sama og það var í síðustu viku nema hvað það er umburðarlyndara, opnara og virðingarfyllra,“ sagði forsætisráðherrann þegar hann ávarpaði mannfjöldann fyrir utan kastalann.

Fyrir kosningarnar var herferðinni #HomeToVote hrundið af stað en tilgangur hennar var að fá brottflutta Íra heim til að kjósa. The Guardian metur það svo að alls hafi um 40 þúsund Írar búsettir erlendis skilað sér heim um lengri eða skemmri veg til að kjósa.

Írar sem höfðu búið skemur en átján mánuði erlendis höfðu kosningarétt í atkvæðagreiðslunni en til þess að kjósa þurftu brottfluttir einstaklingar að skrá sig sérstaklega fyrirfram.

Þrátt fyrir að samþykkt hafi verið að fella viðaukann úr gildi munu fóstureyðingar ekki verða aðgengilegar alveg strax.

Stjórnvöld stefna að því að leggja fram frumvarp fyrir þingið sem heimilar fóstureyðingar fram að tólftu viku meðgöngu. Fram að 24. viku meðgöngu verða fóstureyðingar leyfilegar ef meðgangan ógnar heilsu móður eða ef líkur eru á að barn fæðist alvarlega vanskapað.

Simon Harris, heilbrigðisráðherra Írlands, hefur sagt að vinna við gerð laganna geti hafist strax í þessari viku. Þá sér forsætisráðherrann fram á að lögin taki gildi fyrir lok ársins.

gretarthor@frettabladid.is

Listmunauppboð nr. 110

Listmunauppboð

í Gallerí Fold

mánudaginn 28. maí, kl. 18

Forsýning á verkunum
mánudag kl. 10–17



Kristján Davíðsson

LISTMUNASALA fold

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



Frá Stansted-flugvelli í Lundúnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Elding olli vandræðum

**BRETLAND** Seinkun varð á fjölda flugferða frá Stansted-flugvelli í gær eftir að eldingu laust niður í eldsneytisdælu. Ekki var hægt að fylla vélar af eldsneyti. Flugi rúmlega 200 véla var seinkað, 31 brottför var aflýst og átján vélar gátu ekki lent.

Mikið þrumuveður var í Bretlandi í gær og laust 60 þúsund eldingum niður á sólarhring, samkvæmt bresku veðurstofunni. Talsmaður Stanstead-flugvallar staðfesti fréttirnar.

„Við biðjumst afsökunar á óþægindunum og ráðleggjum öllum farþegum að hafa samband við flugfélag sitt til að fá upplýsingar um flugferðir,“ sagði í yfirlýsingu á Twitter.

Flugvélum sem ekki var hægt að lenda á Stansted var lent á nálægum völlum, meðal annars Birmingham og East Midlands. – jhh




# LAGERHREINSUN

## 50%–70% afsláttur

### AF ÁKVEÐNUM VÖRUM



Pinguin pottasett
Nú á 3.500 kr.



Merino ull 50% afsl.



Útilegubúnaður, pottar o.fl.
50% - 70% afsl.



Bakpokar 50% afsl.



Fatnaður 50% afsl.



Vaxgönguskíði kr. 7.000.-
70% afsláttur



PAC sokkar á 50% afsl.



Restar af gönguskóm 50% afsláttur

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

*Margt margt fleira.*
*Fyrstir koma,*
*fyrstir fá!*
*Takmarkað magn.*

Erum flutt í Faxafen 12 // 108 Reykjavík // Sími 534 2727 // www.alparnir.is // e-mail: alparnir@alparnir.is

# Sá á kvölina sem á völina



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Helstu tíðindin úr kosningum helgarinnar voru þau, að þeir sem vilja efna til úlfúðar á grundvelli kynþátta eða trúarbragða urðu undir í kosningunum. Íslenska þjóðfylkingin, sem hafði að sínu helsta baráttumáli að draga til baka lóð undir mosku, og Frelsisflokkurinn, sem einnig er á móti mosku í Reykjavík og vill aðhald í málum hælisleitenda, urðu undir. Samanlagt tóku einungis 0,4 prósent kjósenda í Reykjavík undir þessi sjónarmið – hjáróma raddir hreinna sérvitringa.

Ánægjulegt er að þessi málflutningur hafi ekki fengið meiri undirtektir hjá Reykvíkingum en raunin varð, því svona málflutningur á víða upp á pallborðið í löndunum í kringum okkur með 15 til 20 prósenta fylgi og jafnvel meira. Í sveitarstjórnarkosningunum 2014 varð andstaðan við mosku einnig hitamál hjá Framsókn og flugvallarvinum. Helstu kosningamálin voru flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni og að draga til baka ákvörðun um lóð undir mosku. Flokkurinn fékk þá rúm 10 prósent atkvæða. Það er ánægjuleg þróun að fjórum árum síðar er slíkum málflutningi hafnað.

Þetta sýnir að fólk almennt á Íslandi hefur ærlegar taugar. Það er vitnisburður um þroskað samfélag. Ísland er því að mörgu leyti gott samfélag; samfélag sem er opið fyrir nýjungum og því sem er öðruvísi og fljótt að taka hlutina í sátt í fámenninu. Fleiri kynnast fólki af erlendu bergi, fólki með aðra trú og siði og kemst að því á eigin skinni að flest er þetta ágætisfólk og það spyrst út í litlu samfélagi. Það vinnur bug á fordómum.

Pólitíkin á Íslandi hefur tekið miklum framförum síðustu ár. Hún er miklu betri og miklu þroskaðri en fyrir 20 eða 30 árum. Sem dæmi má nefna að í kosningunum 1982 náðu Sjálfstæðismenn aftur meirihluta í Reykjavík eftir fjögurra ára valdatíð vinstri manna. Helsta ágreiningsmálið í þeim kosningum var hvort reisa ætti nýja íbúabyggð við Rauðavatn. Sjálfstæðismönnum tókst ásamt sterku málgagni sínu, sem á þeim tíma fór inn á 80 prósent heimila í landinu, að telja kjósendum trú um að stórhættulegt væri að byggja á þekktu sprungusvæði.

Núna hafa allir rödd, auðvelt er að leita sér upplýsinga og hægt að sannreyna allar upplýsingar sem koma fram.

En þá að risunum tveim í reykvískri pólitík, Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni. Hvorugur fékk hreinan meirihluta í kosningunum og þarf því að reiða sig á aðra flokka til samstarfs. Staðan er nokkuð flókin og þrátt fyrir fylgistap Samfylkingarinnar telja margir, og þar á meðal borgarstjóri sjálfur, að sjálfgefið sé að hann láti fyrst á það reyna hvort hann geti haldið meirihlutanum með því að fá fleiri til samstarfs í stað þess að stærsti flokkurinn reyni fyrst.

> Starfa þau til vinstri og gefa Sjálfstæðisflokknum eftir allan hægri vænginn? Eða ganga þau í eina sæng með gamla móðurskipinu og hætta á að verða gleypt í einum munnbita?

Viðreisn er í lykilstöðu og getur hallað sér á hvora hliðina sem er. Staða Viðreisnar er þó ekki blátt áfram og einföld. Starfa þau til vinstri og gefa Sjálfstæðisflokknum eftir allan hægri vænginn? Eða ganga þau í eina sæng með gamla móðurskipinu og hætta á að verða gleypt í einum munnbita?

Vegurinn er vandrataður og sem fyrr á sá kvölina sem á völina.




## Halldór



## Frá degi til dags

**Reyndu við ráðherrann**

**Fyrir kosningarnar beittu frambjóðendur ýmsum leiðum til að koma boðskap sínum á framfæri. Frambjóðendur Frelsisflokksins óku meðal annars um bæinn og spiluðu lagið Vorkvöld í Reykjavík með Gildrunni. Heimildarmaður Fréttablaðsins sá síðan hvar bílnum, sem skreyttur var íslenska fánanum, var lagt fyrir framan fjölbýlishús í Dunhaganum. Það fylgdi svo sögunni að á meðal íbúanna í fjölbýlishúsinu væri Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður VG. Jafnvel þótt VG hafi ekki riðið feitum hesti frá kosningunum má líklegast fullyrða að það hafi verið ómögulegt fyrir frambjóðendur Frelsisflokkinn að reyna við ráðherrann.**

**Vafasöm tilraun**

**Fróðlegt væri að vita hvort Frelsisflokkurinn hafi fengið leyfi fyrir notkun á laginu í pólitískum tilgangi en eins og margir vita hefur trommari Gildrunnar pólitískar tengingar við VG. Þekkt er að stjórnmálahreyfingar í Skandinavíu hafa komist í hann krappan með því að nota tónlist í flokkspólitískum tilgangi án heimildar. Einhvern tímann hótuðu til dæmis félagarnir úr Abba, Benny og Björn, Danska þjóðarflokknum lögsókn þegar þeir komust að því að verið var að nota tónlist þeirra í pólitískum tilgangi.** jonhakon@frettabladid.is

# Blekkingarleikur formanns VR



Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

Það er alvarlegt þegar stærsta aðildarfélag Alþýðusambands Íslands lýsir vantrausti á forseta samtakanna. Það er enn alvarlegra þegar það er gert á forsendum sem beinlínis eru rangar og stjórnarmenn þannig blekktir með ósannindum. Um það gerði formaður VR sig sekan þegar hann fékk stjórn sína til að samþykkja tillögu um vantraust á forseta ASÍ.

Í tölvupósti formannsins til stjórnarinnar sagði m.a.: „Nú hefur forseti ASÍ sent tölvupóst á miðstjórn og samninganefnd ASÍ um að hann muni leiða viðræður við stjórnvöld í gegnum þjóðhagsráð án sérstaks umboðs frá félögunum.“

Þarna vísar hann til tölvupósts sem ég sendi miðstjórn ASÍ nýlega um fyrirhugaðan fund með ríkisstjórninni þar sem ég hugðist kynna stjórnvöldum viðhorf ASÍ til fyrirliggjandi skattahugmynda. Þar sagði ég m.a.: „Þar sem ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um samstarf landssambanda og stærstu félaga á grundvelli samstarfssamningsins varðandi næstu samningalotu, er ljóst að Samninganefndin hefur ekkert umboð á hendi og þar af leiðandi ekki viðræðunefndin heldur. Samskipti við stjórnvöld eru hins vegar almennt á borði miðstjórnar ASÍ skv. bæði samþykktum ASÍ og þeirri verkaskiptingu sem er milli ASÍ og aðildarfélaganna. Ég mun því mæta á fyrrgreindan fund með forsætisráðherra ásamt framkvæmdastjóra ASÍ og gera grein fyrir niðurstöðum hagdeildar ASÍ á þróun skattkerfisins m.t.t. mismunandi tekjuhópa. ... Ég treysti því að um þessa skipan mála geti verið sátt og mun ég gera nánari grein fyrir fundinum á næsta miðstjórnarfundi.“

> Það er enn alvarlegra þegar það er gert á forsendum sem beinlínis eru rangar og stjórnarmenn þannig blekktir með ósannindum.

Mér er fyrirmunað að skilja hvernig hægt er að lesa út úr þessum texta að ég hafi ákveðið að fara gegn ákvörðun miðstjórnar ASÍ, sem að minni tillögu samþykkti fyrir nokkru síðan að setjast ekki í þjóðhagsráð. Blekkingarleikur formanns VR, í þeim tilgangi að fá stjórn stærsta aðildarfélags ASÍ til að samþykkja vantraust á forseta ASÍ, er grafalvarlegur og gróf aðför að þeirri samstöðu sem verið hefur helsti styrkur verkalýðshreyfingarinnar í meira en hundrað ár. Tölvupóst minn til miðstjórnar ASÍ hef ég sent í fullri lengd til stjórnarmanna VR og birt sömuleiðis á vef ASÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sæmó úrslit

**Í DAG**



Guðmundur Steingrímsson

Kosningar eru alltaf heilmikil æfing fyrir mann. Í hvert skipti sem niðurstöður kosninga blasa við er nauðsynlegt að taka sig taki, anda djúpt og reyna að finna fegurðina í því að Íslendingar eru semsagt ekki allir sammála mér og mínum skoðunum.

Alls konar öfl fá atkvæði, sem ég botna ekkert í að fólk skuli kjósa. Það hlýtur til dæmis að blasa við, að ég sem heimspekimenntaður Vesturbæingur á 14 ára gömlum Toyota Prius, nýbúinn að ferma ungling í borgaralegri fermingu, á í mjög djúpstæðum erfiðleikum með að skilja af hverju fólk kýs Sjálfstæðisflokkinn eða Miðflokkinn. Ég spóla bara í huganum. Um þessa staðreynd, að þessir flokkar njóta fylgis, gæti ég talað endalaust í hringi, með mjög flottum hugtökum og alls konar sannfærandi handahreyfingum yfir latté eða IPA bjór á Kaffi Vest, en ég yrði samt engu nær.

**Fjölbreytileikinn**

En þetta er einmitt fegurðin. Fólk er ekki eins. Sumir fíla sykrað Kók og aðrir Pepsi Max. Sumir hata myndir sem gerast úti í geimnum, en aðrir elska þær. Konan mín fæst ekki til að horfa á mynd sem gerist úti í geimnum nema ég ljúgi því að henni að um sé að ræða matreiðsluþátt, úti í geimnum. Reyndar hefur þetta aldrei tekist, en hvað um það. Ég fer einn með börnin á geimmyndir.

Maður getur auðvitað ekki fagnað fjölbreytileikanum, talið hann vera grundvöll heilbrigðis lýðræðissamfélags, og farið svo í fýlu yfir því að fólk sé ekki eins og maður sjálfur. Ég fell auðvitað ítrekað í þá gryfju að telja fullt af fólki sem ég horfi á í sjónvarpinu vera erkifávita. Hver gerir það ekki? Ég vil þó samt reyna að trúa því að í fjölbreytaleika mannlífsins, ólíkum skoðunum fólks, búi beinlínis kraftur. Góðar hugmyndir verða betri eftir því sem fleiri koma að þeim. Maður sjálfur verður betri eftir því sem maður lærir meira af öðrum um þær hliðar tilverunnar sem manni voru áður huldar.

Ég óska því Sjálfstæðisflokknum til hamingju með góðan árangur í borginni. Og til hamingju, Vigdís Hauks, með kjörið. Já, og fyrst ég er byrjaður, til hamingju, Kolbrún Baldurs og Sanna Magdalena. Megi sjónarmið og verk ykkar allra bæta samfélagið og lífi fjölbreytnin.

**Nýir flokkar, nýtt umboð**

Verð ég nú að hafa nokkur orð um restina, áður en ég óska henni til hamingju líka. Eins og vanalegt er orðið, leiða kosningar á Íslandi til lærðrar umræðu um krísu á vinstri væng. Þetta er orðin klisja, sem vinstra fólk tekur yfirleitt lúmskt fagnandi, held ég, enda virðist mér stundum vinstra fólk þykja fátt skemmtilegra en naflaskoðun. En væri kannski ástæða til að sleppa naflaskoðun núna? Ég hallast að því.

Staðreyndin er sú, að hvað telst sigur og ósigur flokka, í hinu nýja og síbreytilega umhverfi stjórnmálanna, er svolítið afstætt dæmi. Sjálfstæðisflokkurinn fær eina sína verstu útreið í borginni frá upphafi, en er samt talinn sigurvegari. Gott og vel. Ég skil það. Samfylkingin fékk um 5% í alþingiskosningum fyrir tveimur árum og þurrkaðist næstum því út, en fær nú 25% í borginni. Hún er samt álitin tapari.

Þetta er smá skrítið. Meirihlutinn fallinn, segja stjórnmálaskýrendur. Þeir skauta þægilega fram hjá því að einn flokkurinn í þeim meirihluta, Björt framtíð, bauð ekki fram. Meirihlutinn var því í sjálfu sér fallinn um leið og kjörtímabilið var búið. Engin tíðindi í því. Nýtt umboð þurfti og nýir flokkar sóttu það.

**Lengi má gott bæta**

Hver er þá staðan í borginni? Jú, hún er þannig að ég sé fulla ástæðu til að óska mér sjálfum og mínu frjálslynda hugarþeli til hamingju með niðurstöðuna þrátt fyrir allt. Ég hef vissulega þurft að rýna örlítið í tölurnar á náttbuxunum, eftir langa kosninganótt, til að fatta að þær eru gleðiefni. Nú finnst mér þetta blasa við. Frjálslyndur flokkur á miðjunni, Viðreisn, fær mjög góða kosningu. Til hamingju með það, Þórdís og Pawel. Sú niðurstaða ásamt auknu fylgi Pírata – til hamingju, Dóra og Sigurborg – gerir það að verkum að samstarf flokkanna frá miðju yfir til vinstri, CPSV, er einkar álitlegur kostur.

Íbúðinni fylgir 7,2 fm geymsla með glugga í kjallara. Verslun, skólar, þjónusta og menning í göngufæri
Sigvaldi hannaði húsið, vinsæll hönnuður

Verð : **54,6 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s.845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



## Breiðavík 89
**112 Reykjavík**

Glæsilegt einbýli 320 m
Aukaíbúð
Laust strax
Frábært útsýni

Verð : **132,5 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s.897 0634** **Þröstur Þórhallsson** löggiltur fasteignasali



## Njörvasund 1
**104 Reykjavík**

Falleg hæð ásamt rislofti
Samtals 97 fm að stærð
Þrjú svefnherbergi
Tvískipt stofa
Tvennar svalir

Verð : **48,2 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s.695 5520** **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

**MIKLABORG** **Með þér alla leið**

# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044
**Einar Marteinsson**
í löggildingarnámi
einarm@fold.is / 893-9132
**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

## Hringbraut 95, 101 Rvk, 3ja herbergja.
### OPIÐ HÚS ÞRI 29/5 KL. 17:15-18:00.




Mjög góð og uppgerð 71 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð (efstu) ásamt 6,2 fm geymslu, samtals 77,2 fm. Aðkoma er frá Grandavegi. Yfirbyggðar svalir í suður. Parket og flísar á gólfum. Opið úr eldhúsi inn í stofu. Laus við kaupsamning.
**Verð 40 millj.**
**Opið hús þriðjudaginn 29. maí kl. 17:15-18:00, verið velkomin.**

## Melabraut 9, 170 Seltjnes.
### SÉRHÆÐ.



Vel skipulögð, ca. 130 fm. miðhæð í fallegu húsi við Melabraut á Seltjarnarnesi. Íbúðin er með þremur svefnherbergjum, tveimur stofum og sólstofu ásamt eldhúsi og baði. Húsið er nýlega steinað og viðgert að utan og lítur vel út.
**Verð 59 millj.**

## Tröllateigur 26, 270 Mos.
### EFRI HÆÐ, ST. Í BÍLAG.




Tröllateigur 26, Mósó, íbúð 201.

Efri sérhæð í 4-býli með sérinngangi og stæði í bílageymslu. Fjögur svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. Stórar suð-vestur svalir. Falleg lóð m/ leiktækjum.

**Verð 49,9 millj.**

**Laus fljótlega.**

## Leifsgata 3, 101 Rvk.
### 3JA + AUKAHERBERGI Í KJALLARA.




Björt, falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð ásamt herbergi í kjallara, samtals 100,4 fm. Parket og flísar á gólfum. Íbúðin er staðsett á frábærum stað í miðbænum, stutt í sund, skóla og alla þjónustu.
Þetta er falleg íbúð á frábærum stað ásamt aukaherbergi með fjölbreytilegum nýtingarmöguleikum.
**Verð 45,9 millj.**

## Lyngmóar 10, 210 Garðabær
### 3JA HERB M/BÍLSKÚR.



Góð 96,8 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í litlu fjölbýlishúsi ásamt 16,2 fm bílskúr, samtals 113 fm. Björt og opin íbúð með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum, baðherbergi, stofu og eldhúsi. Gott innra skipulag og mikið útsýni.
**Verð 48,5 millj.**

## Sumarhús við Þingvallavatn.
### EINSTÖK STAÐSETNING.




Samtals 76 fm. fallegt sumarhús með gestahúsi á fallegum stað við Efristíg í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Frábært útsýni yfir vatnið. Lóðin er 1 hektara leigulóð. Einstakt tækifæri til að eignast sumarhús í þessari náttúruparadís.
**Verð 19,8 millj.**

## Heiðarbyggð við Flúðir
### SUMARHÚS




Fallegt og vel viðhaldið sumarhús á góðum stað nálægt Flúðum. Í húsinu eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts. Pallur er á fjóra vegu með heitum potti. Húsið er með hitaveitu. Ca. 11 fm. gott geymsluhús fylgir sem auðvelt væri að breyta í gestahús. Vel viðhaldin og vel skipulagður bústaður á frábærum stað.
**Verð 20,9 millj.**

## Langavatnsvegur, Reykjavík
### 1,5 HA. EIGNARLAND




15.000.- fm. ( 1,5 ha.) eignarland á fallegum stað við Langavatn sem er í göngufæri við Grafarholtið í Reykjavík. Á landinu er í dag gamalt sumarhús. Þetta er paradísarreitur innan borgarmarka, sannkölluð sveit í borg.

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Óskum eftir

### Íbúðareigendur / leigusalar

**Óskum efir íbúðum til leigu og kaups í öllum hverfum Reykjavíkur fyrir opinberan aðila ásamt stóru sérbýli og 300-500 fm atvinnuhúsnæði.**

**Traustar greiðslur, langur leigutími.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## Þú finnur okkur á fold.is

# RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

**Nánari upplýsingar veita:**
**Birgir Örn Birgisson**
**í síma 530-1417 - birgiro@rikiskaup.is**

**Gísli Þór Gíslason**
**í síma 530-1424 - gisli@rikiskaup.is**

## Strönd-Rofabær
### 880 KIRKUBÆJARKLAUSTUR




Um er að ræða ríkisjarðirnar Strönd-Rofabæ og Rofabæ 1. Jarðirnar eru staðsettar í Meðallandi í Skaftárhreppi. Jarðirnar eru samliggjandi og óskiptar og eru taldar vera samtals um 486 ha. Jörðunum fylgja greiðslumark 226,9 ærgildi og skráð hlunnindi skv. Þjóðskrá Íslands, sem eru æðarvarp og reki ásamt lax og silungsveiði með aðild að veiðifélagi Kúðafljóts.
Á jörðinni Strönd er 125 fm íbúðarhús, byggt árið 1953. Jarðirnar eru seldar með því skilyrði að nýr eigandi taki upp fasta búsetu á jörðinni. **Verð: Tilboð.**

## Efri Ey 2, hluti af Efri Ey 3
### 880 KIRKUBÆJARKLAUSTUR




Um er að ræða ríkisjörðina Efri-Ey 2, og um 53,7 % hluta af jörðinni Efri-Ey 3. Jarðirnar eru staðsettar í Meðallandi í Skaftárhreppi. Áætluð stærð þeirra 325 ha. Töluverður húsakostur er til staðar á jörðunum, m.a. gott 109 fm íbúðarhús og 259 fm fjárhús sem eru í góðu ástandi. Skráð hlunnindi skv. Þjóðskrá Íslands sem og greiðslumark 182,9 ærgildi. Jarðirnar eru seldar með því skilyrði að nýr eigandi taki upp fasta búsetu á jörðinni.

**Verð: Tilboð.**

## Staðarfell
### 371 BÚÐARDALUR




Um er að ræða fimm byggingar, samtals 1293 fm að stærð, sem hýst hafa starfsemi SÁÁ frá árinu 1980.

Staðarfell er í um 30 mínútna akstursfjarlægð frá Búðardal. Fasteignirnar sem hafa verið vel við haldið standa á 1,8 he leigulóð.

Hér er á ferðinni einstakt tækifæri fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig ferðaþjónustu á svæði sem er að mati margra einstakt á heimsvísu.
**Verð: Tilboð.**

## Bíldshöfði 16
### 110 REYKJAVÍK




Um er að ræða skrifstofu- og verslunarhúsnæði á eftirsóttum stað við Bildshöfða 16.

Fasteignin sem áður hýsti Vinnueftirlitið er 1086,8 fm skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem skiptist niður á tvær hæðir. Tveir inngangar að sunnan- og að norðanverðu.

Næg bílastæði og góð aðkoma að húsinu. Í heildina góð eign í rótgrónu hverfi sem býður uppá mikla möguleika.
**Verð: 167 millj.**

## Þverárdalur
### 541 BLÖNDUÓS




Um er að ræða steinsteypt 101,4 fm íbúðarhús ásamt 36,9 fm sambyggðri geymslu á lóðinni Þverárdalur í Húnavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Fasteignirnar standa á fallegum stað í Þverárdal sem er rétt við Húnaver í Svartárdal. Vegaslóði liggur að fasteignunum frá þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi inn Þverárdal. Fasteignirnar sem eru á 5.500 fm leigulóð voru byggðar árið 1948 og þarfnast endurbóta. Möguleiki er fyrir kaupanda að leigja stærra land. **Verð: Tilboð.**

## Sauðlauksdalur
### 451 PATREKSFJÖRÐUR




Um er að ræða 231,6 fm steinsteypt íbúðarhús á tveimur hæðum sem stendur á jörðinni Sauðlauksdalur í Vesturbyggð.

Húsið sem var áður nýtt sem prestbústaður og byggt árið 1955.

Fasteignin þarfnast endurbóta að utan sem innan og er til sölu með skilyrðum um endurgerð og endurbætur.

**Verð: Tilboð**

## Flugstöð í Sauðlauksdal
### 451 PATREKSFJÖRÐUR




Um er að ræða fyrrum flugstöð sem var byggð árið 1983 og er 225 fm að stærð ásamt 40 fm vélargeymslu sem var byggð árinu seinna.

Fasteignirnar standa á fallegum stað við aflagðan flugvöll Patreksfjarðar í Sauðlauksdal og neðan við Örlygshafnarveg í Vesturbyggð. Fasteignirnar sem standa á 9.959 fm leigulóð þarfnast viðhalds.

**Verð: Tilboð**

## Stóri-Bakki/Fél.rækt
### 701 EGILSSTAÐIR



Um er að ræða landspilduna, Stóri Bakki / Félagsrækt, í Fljótsdalshéraði. Spildan er um 58 ha og að mestu ræktað land.

Engin hús eru á landspildunni og enginn lögbýlisréttur, en landinu fylgir veiðiréttur í Jöklu án atkvæðaréttar í veiðifélagi. Aðkoma að spildunni er frá þjóðvegi 1 um Hróarstunguveg á austurbakka Jöklu, en Hróarstunguvegur liggur í gegnum landspilduna sem er staðsett milli jarðanna Árbakka og Litla-Bakka. **Verð: Tilboð**

## Nýrækt 1
### 570 FLJÓT




Um er að ræða 142,6 fm íbúðarhús ásamt 71,3 fm hlöðu og 33,9 fm geymslu á lóðinni Nýrækt 1 í Fljótum, Skagafirði.

Fasteignirnar standa á fallegum stað rétt ofan við gatnamót Siglufjarðarvegar og Ólafsfjarðarvegar í Fljótum og í næsta nágrenni við félagsheimilið Ketilás og verslunarhúsnæði Kaupfélags Skagfirðinga í Fljótum. Fasteignirnar sem standa á 11.402 fm leigulóð þarfnast viðhalds og endurbóta. **Verð: Tilboð.**

**Nánari upplýsingar um ofangreindar eignir má finna á fasteignavef MBL og heimasíðu Ríkiskaupa**

FASTEIGNASALAN **TORG**
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs.

**520 9595**

Fasteignasalan TORG  Garðatorgi 5  210 Garðabær  www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur


**Hafdís** Fasteignasali 820 2222


**Sigurður** Fasteignasali 898 6106


**Dórothea** Fasteignasali 898 3326


**Þorsteinn** Fasteignasali 694 4700


**Jóhanna Kristín** Fasteignasali 837 8889


**Árni Ólafur** Fasteignasali 893 4416


**Berglind** Fasteignasali 694 4000


**Jón Gunnar** Fasteignasali 848 7099

# Hólmasund 2-4 240 Grindavík

**AÐEINS 9 BIL EFTIR**



**Verð: 14,9 – 58,8 millj.** **Stærð: 70,1-323,4 m2**








**Fasteignasalan TORG kynnir 18 iðnaðarbil á Hólmasundi 2, aðeins 9 bil eftir.**

Byggingin er skráð iðnaðarhúsnæði, skrifstofur og geymslur á 2 hæðum.

Samkvæmt teikningum er heildarhúsinu skipt í 18 eignarhluta í þremur mismunandi stærðaeiningum en möguleiki er að sameina bil eða opna á milli bila og samtengja.

Eigninni er skilað fullbúinni með salernisaðstöðu á jarðhæð og með góðu millilofti ýmist yfir hluta eða öllum gólffletinum.

Húsið er reist úr stálgrind og með stálsamlokueiningum úr völsuðu stáli með einangrun á milli. Sökklar eru úr járnbentri steinsteypu á þjappaðri fyllingu.

Lóð er skilað fullfrágenginni með malbikuðum bílastæðum.

Eignirnar skilast fullbúnar í des 2018.


**Þóra**
**Fasteignasali**
**gsm: 822 2225**

# Úlfarsbraut 42 113 Reykjavík

**Verð: 88.900.000**





**OPIÐ HÚS miðvikudaginn 30. maí kl.17:30-18:00**

**Stærð:** 205,0 m²

Einstaklega vandað og glæsilegt parhús á 2. hæðum innst í götu með innbyggðum bílskúr. Húsið einkennist af fallegum, björtum stofum með miklu útsýni og vel búnu eldhúsi á efri hæð og vel skipulögðu fjölskyldurými á neðri hæð. Svefnherbergi eru 3 og fataherbergi innaf hjónaherbergi. Vandaðar innréttingar og gólfefni í öllu húsinu og mikið lagt í fallega lýsingu inni sem úti. Staðsetning er góð og stutt í skóla og íþróttasvæði.

**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**



## Vatnsendablettur 722,4 og 5 203 Kóp **25.000.000**



**HAFÐU SAMBAND**

**Stærð:** 912-1.192 m²

3 stórar og vel staðsettar byggingarlóðir í landi Vatnsenda, uppgefið verð er pr lóð. Staðsetning lóðanna bíður upp á einstakt útsýni yfir vatnið og náttúruna í kring. Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að byggja allt að 400 fm einbýli á lóðunum.
**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Unufell 27 111 Reykjavík **34.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 29. maí kl.17:30-18:00**

**Stærð:** 99,9 m²

Falleg og vel skipulögð 4ra herb íbúð á jarðhæð með sólskála og sérafnotareit í snyrtilegu fjölbýli. Björt og góð stofa, eldhús með hvítri innréttingu og beiki, þvottahús er innaf eldhúsi, baðherbergi flísalagt, hvít innrétting og baðkar með sturtuaðstöðu, 2 barnaherbergi og rúmgott hjónaherbergi með góðum fataskápum. Stutt í skóla, verslun og þjónustu.
**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Orrahólar 7 111 Reykjavík **36.500.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 28. makl 18.30-19.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 93,2 m² Bílageymsla

Mjög björt og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 6.hæð í góðu lyftuhúsi með glæsilegu útsýni. Íbúðin er mikið endurnýjuð með fallegum innréttingum og rauðeikar parketi á gólfi. Íbúðinni fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Stórar yfirbyggðar útsýnissvalir eru út frá stofunni í vestur. Húsið hefur fengið gott viðhald.
**Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

## Efstihjalli 3 200 Kópavogur **34.900.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 28. maí. kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 79,1 m²

Vel skipulögð 4ra herb íbúð á 2.hæð (efstu hæð) í rólegri götu. Aðeins eru 6 íbúðir í stigaganginum. Í íbúðinni eru 3 svefnherb, rúmgóð stofa, eldhús, og baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Íbúðinni fylgir nýtt harðparket á öll rými nema baðherbergi. Húsið var málað og múrviðgert fyrir um 5 árum og þá var þak einnig yfrfarið og lagfær og skipt um allar rennur. **Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

## Andrésbrunnur 17 113 Reykjavík **49.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 29. maí kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4-5 **Stærð:** 119,1m² Bílageymsla

Björt, falleg og rúmgóð 4ra - 5 herbergja íbúð á 2.hæð í góðu lyftuhúsi. Íbúðinni fylgir stæði í þriggja bíla bílageymslu sem er lokuð. Stórar svalir eru út frá stofunni sem snúa í suður. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi og góð geymsla með glugga og parketi sem nýtt er í dag sem auka herbergi. Innaf bílastæðinu er stór geymsluskápur.
**Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

# VIÐ VEITUM TOPP ÞJÓNUSTU


Sigríður
Fasteignasali
699 4610


Garðar
Fasteignasali
899 8811


Hrönn
Sölufulltrúi
692 3344


Hólmgeir
Lögmaður
520 9595


Þóra
Fasteignasali
822 2225


Þorgeir
Fasteignasali
696 6580


Lilja
Sölufulltrúi
663 0464


Hafliði
Fasteignasali
846 4960

## Drápuhlíð 18 — 105 Reykjavík — 32.900.000



**OPIÐ HÚS mánudagurinn 28. maí kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 64,7 m²

Falleg kjallaraíbúð á frábærum stað í Hlíðunum í Reykjavík. Um er að ræða 2ja herb íbúð skráð 64,7fm. Húsið hefur fengið gott viðhald m.a var skolp, dren og þakkantur endurnýjað árið 2000 og búið er að endursteina húsið fyrir allnokkrum árum. Stofan er rúmgóð, eldhús er með eldri innréttingu og innaf svefnherbergi er fataherbergi. **Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Lautasmári 49 — 201 Kópavogi — 51.800.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 29. maí kl 18.30-19.00**

**Herbergi:** 5 **Stærð:** 107,9 m²

Mjög rúmgóð, björt og vel skipulögð 5 herb íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli í Smárahverfi Kópavogs. Um er að ræða eign sem er skráð 107,9fm, svefnherbergin eru 4 og öll með fataskápum. Eldhús með hvítri innréttingu og borðkrók við glugga. Staðsetningin er frábær þar sem göngufæri er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði og alla þjónustu í Smáralindinni. **Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Hlíð 4 — 276 Mosfellsbær — 11.000.000



**OPIÐ HÚS miðvikudaginn 30. mai kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 39,8 m²

Sjarmerandi sumarbústaður á frábærum stað í Eílífsdal í Kjósinni ca 30 mín keyrsla frá höfuðborginni. Rafmagn og kalt vatn er í húsinu og falleg timburverönd, mjög gróið og fallegt land. Sumarbústaðarsvæðið er lokað með hliði sem þarf að hringja í til að komast inn. Bústaðurinn skiptist í alrými með eldhúsinnréttingu og stofu, baðherbergi (án sturtu) og svefnloft. **Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Galtalind 19 — 201 Kópavogur — 56.900.000



**OPIÐ HÚS mánudagurinn 28. maí kl 18.30-19.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 139,8 m²

Mjög falleg, björt og góð 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með aflokaðri rúmgóðri timburverönd og bílskúr. Íbúðin er í góðu fjölbýli á frábærum stað í Lindahverfi Kópavogs. Samtals er eignin skráð 139,8fm og þar af er bílskúrinn 28,3fm. Svefnherbergin eru 3, þvottahús er innan íbúðar og stofa og eldshús rúmgóð og samliggjandi. Mjög góð aflokuð timburverönd fylgir eigninni. **Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Haustakur 4 — 210 Garðabæ — 66.900.000





**OPIÐ HÚS mánudagurinn 28. maí kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 139,8 m²

Falleg, björt og rúmgóð íbúð á efstu hæð (2 hæð frá inngangi) á þessum eftirsótta stað í Garðabæ. Um er að ræða 140,1fm eign og þar af er geymsla 17,1fm með glugga. Húsið er viðhaldslétt og álklætt að mestu. Sérinngangur er af svölum. Íbúðin skiptist í forstofu, hjónaherbergi ,tvö rúmgóð barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, borðstofu og stofu. Úr stofu er gengið út á rúmgóðar suðursvalir með Frábæru útsýni..

**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Lund 7-13 — 200 Kópavogur — 56,8-128M

NÝJAR ÍBÚÐIR



**HAFÐU SAMBAND Í SÍMA 699-4610**

**Herbergi:** 2-4 **Stærð:** 101,9-196,8 m²

Fjölbýlishúsin við Lund 7-13 eru 5 til 6 hæða lyftuhús og öllum íbúðum fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum sem ná niður í gólf og hita í gólfum. Íbúðirnar skilast með innréttingum frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi Húsin eru álklædd og eru því viðhaldslítil. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Vesturvallagata 5 — 101 Reykjavík — 34.500.000





**OPIÐ HÚS mánudagurinn 28. maí kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 66,9 m²

Sjarmerandi og vel skipulögð, 3 herbergja íbúð við Vesturvallagötu 5, 101 Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, gott alrými eldhús og stofu,tvö svefnherbergi (annað herbergið er skráð sem geymsla á teikningu) og baðherbergi með sturtu og tengi fyrir þvottavél. Íbúðinni tilheyrir sérmerkttur afnotareitur á lóðinni. Gengið er inn í íbúðina í gegnum lokað port og sérinngangur í íbúðina. Íbúðin er lítið niðurgrafin frá götu. Góður lokaður garður. Frábær staðsetning þar sem stutt er í miðbæinn og í flesta þjónustu. Íbúðin getur losnað fljótlega.

**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Naustavör 16-18 — 200 Kópavogur

SJÁVAR-ÚTSÝNI



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM. 699 4610**

**Herbergi:** 3-5 **Stærð:** 123,7 - 210 m²

Naustavör 16-18 er 4hæða lyftuhús með sjávarútsýni úr flestum íbúðum. Stæði í lokaðri bílgeymslu fylgir íbúðunum. Íbúðirnar hafa annað hvort einar eða tvennar svalir. Vandaðar innréttingar frá Brúnás og AEG eldhústæki. Þær skilast með flísum á baðherbergi og þvottahúsi en að öðru leyti án gólfefna.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Ljósakur 9 — 210 Garðabæ — 109.500.000





**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 29. maí kl.17:30-18:00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 223,1 m²

Glæsilegt raðhús á tveimur hæðum, með innbyggðum 28,2fm bílskúr og um 50fm þaksvölum. Húsið var byggt 2007, innréttað árið 2011. Innanhússhönnun var unnin af GASSA arkitekter í Danmörku. Allar innréttingar í húsinu eru sérsmíðaðar. Á jarðhæð er forstofa, master-svefnherbergi. Fallegt baðherbergi er inn af master-svefnherb., m/tvöfaldri sturtu og glæsilegri innréttingu. Öll blöndunartæki frá Vola. Stórt fataherbergi. Svefnherbergi við forstofu, innréttað sem skrifstofa. Einnig er sjónvarpsherbergi, gestasnyrting, þvottaherbergi og bílskúr. Stigin á milli hæða er sérstaklega fallegur með svarti steypu á þrepum. Á annari hæð er aðalrýmið. Eldhúsið er með stórri L-laga eyju, Silestone kvartssteinn á borði. Miele tæki, s.s. tveir ofnar og háfur. Gaggenau helluborð. Tvöfaldur innbyggður ísskápur og innbyggð Miele uppþvottavél. Borðstofa og stofa með fallegu útsýni, ásamt útgengi út á 50 fm suður-þaksvalir.
**Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106**

## Hvammsskógur 43 — 311 Borgarnesi — 89.900.000





**GLÆSILEG SVEITAVILLA Í SKORRADAL**

**Herbergi:** 6 **Stærð:** 177 m²

Glæsilega sveitavillu á eignarlóð. Mikið útsýni úr húsinu yfir vatnið og til fjalla. Um er að ræða samtals 177 fm sveitavillu með afgirtri verönd m/heitapotti, byggt 2008 og endurgert frá grunni og stækkað árið 2017. Að auki eru u.þ.b. 40 fm geymslupláss. Allt húsið er með vandaðar innréttingar, vönduð tæki og gólfefni. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, tvö baðherbergi, sauna, sjónvarpsstofu, borðstofu, eldhús og stofu. Að auki er sólpallur í kringum húsið og um 98fm afgirtur sólpallur austan megin við húsið með heitapott.

**Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106**

## Sóltún 11 — 105 Reykjavík — 57.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 28. maí kl 17:00-17:30**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 109.2 m²

Falleg 3ja herbergja íbúð á 4.hæð ásamt stæði í bílageymslu í lyftuhúsi við Sóltún í Reykjavík. Íbúðin er 109.2 fm samkvæmt þjóðskrá Íslands. Skiptist í forstofu, baðherbergi, stofu, borðstofu, opið eldhús, 2 svefnherbergi, þvottahús og geymslu í sameign. Íbúðin er laus við kaupsamning.
**Upplýsingar veitir Þorgeir fasteignasali í gsm: 696 6580**

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Kjöreign ehf

**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Dan V.S. Wiium**<br>hdl, löggiltur fasteignasali,<br>sími 896-4013 | **Ólafur Guðmundsson**<br>Sölustjóri, sími 896-4090 | **Þórarinn Friðriksson**<br>löggiltur fasteignasali,<br>sími 844-6353 | **Sigurbjörn Skarphéðinsson**<br>löggiltur fasteignasali, skjalagerð. | **Rakel Salóme Eydal**<br>löggiltur fasteignasali og leigumiðlari | **Ásta María Benónýsdóttir**<br>löggiltur fasteignasali,<br>sími 897-8061 |

## 3ja herbergja




### Helluvað 9

**Opið hús mánudaginn 28. maí, frá 17:15 - 17:45.**

Falleg, björt og vel skipulögð 3ja herbergja 96,4 fermetra íbúð á jarðhæð ásamt sér bílastæði í upphitaðri og lokaðri bílageymslu. Íbúðin er með fallegt útsýni yfir að Bláfjöllum . Sólpallur út frá stofu (hægt að gera 50 fm pall). **Verð 44,5 millj.**

## 4ra herbergja




### Ljósheimar 10

**Opið hús mánudaginn 28. maí, frá 17:00 - 17:30.**

Falleg og mikið endurnýjuð 4ra herbergja íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi, 98,2 fm. Lýsing. Forstofa, þvottahús, gangur, eldhús, tvær samliggjandi stofur, svalir, tvö svefnherbergi, baðherbergi og geymsla í kjallara. Húsvörður í blokkinni. Íbúðin hefur verið í eigu stéttarfélags í 30 ár og var tekin í gegn að innan 2009. Mjög góð umgengni og gott viðhald. **Verð 43,9 millj.**

## 4ra-5 herbergja




### Sílakvísl 11

**Opið hús þriðjudainn 29. maí frá kl. 18:00 -18:30. 4ra til 5 herb.**

100,4 fm íbúð á efri hæð og rishæð með sérinngangi á þessum vinsæla stað við Sílakvísl, Ártúnsholti, sérmerkt bílastæði.
Lýsing, neðri hæðin: forstofa, hol, w.c., eldhús, borðstofa, stofa og stórar suðursvalir, efri hæðin: Baðherbergi, hjónaherbergi og tvö barna-herbergi. Efra ris: Opið rými.
**Verð 46,9 millj.**

**Traust og örugg þjónusta í 40 ár**






**Heimili fasteignasala kynnir Vallakór 6 í Kópavogi sem er sex til tíu hæða fjölbýlishús með 72 íbúðum ásamt kjallara þar sem er bílageymsla og önnur sameign.**

Allar íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með parketi og flísum á gólfum. Einnig fylgja öllum íbúðum AEG ískápur og uppþvottavél. Í húsinu eru þrjár lyftur og tvö stigahús.

Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu og sumum stærri íbúðum fylgja tvö stæði.

Öllum íbúðum fylgja stórar svalir og margar þeirra með stórbrotnu útsýni.
Húsið er klætt að utan og því viðhaldslítið. Íbúðirnar eru til afhendingar í júní 2018.
Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja og eru 80 til 127 fm að stærð.
**Verð frá 43,9 milljónir.**

**Allar frekari upplýsingar veittar á skrifstofu Heimili fasteignasölu, sími 530 6500.**

**Opið hús í dag frá kl. 17-18.**

Finndu okkur á Facebook

Félag Fasteignasala

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali
sími 895 1098



Brynjólfur Snorrason
lögg. fasteignasali
sími 896 2953

**530 6500** Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**



HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

Framúrskarandi fyrirtæki 2015–2017

Stofnað 1983

## HOLTSVEGUR 27 – 10 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR – URRIÐAHOLT Í GARÐABÆ







### OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 29. MAÍ MILLI 17 OG 18. VERIÐ VELKOMIN.

Hraunhamar kynnir í einkasölu 10 íbúða fjölbýlishús. Glæsilegt útsýni, lyfta, gott aðgengi og rúmgóðar svalir. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum, eru til afhendingar í júní 2018. **Fullbúin sýningaríbúð**

Frágengin lóð með sameiginlegu útivistarsvæði. Húsið er viðhaldslétt. Fimm hæða, penthouse íbúð á efstu hæðinni. Á jarðhæð eru geymslur, bílageymslur og 3 bílskúrar. **Verð frá 54,9 millj.**

Stærð 98-163 fm. Sjá teikningar og myndir inná **www.hraunhamar.is**





**Nánari upplýsingar veita:**

- **Hlynur Halldórsson lögg.fasteignasali** 698-2603, hlynur@hraunhamar.is
- **Helgi Jón Harðarson sölustjóri** 893-2233, helgi@hraunhamar.is
- **Hilmar Þór Bryde lögg.fasteignasali** 892-9694, hilmar@hraunhamar.is

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is


Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg. fast.


Ásmundur Skeggjason lögg. fast.


Brynjar Baldursson sölufulltrúi


Jóhann Friðgeir Valdimarsson sölufulltrúi


Kristinn Tómasson viðsk.fr. MBA lögg. fast.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

## Fosshóll – Gistihús við Goðafoss



Gistihúsið Fosshóll stendur við þjóðveg 1 við náttúruperluna Goðafoss. Þar hefur verið rekin gisti- og veitingasala frá árinu 1927. Á Fosshóli eru 23 herbergi í þremur byggingum sem rúma samtals yfir 50 gesti. Veitingarstaður er í aðalbyggingunni og tekur um 60 manns í sæti. Húsakostur er alls 997 fm og almennt í góðu ástandi, innan sem utan. Eignarland er um 7,4 hektarar við þjóðveg 1 og að Skjálfandafljóti. Einnig fylgja rúmlega 50 hektarar af erfðafestulandi. Rekstur hefur gengið vel undanfarin ár og skilað góðri afkomu. Herbergjanýting hefur verið mjög góð og fjölga mætti herbergjum verulega. Með opnun Vaðlaheiðarganga styttist vegalengdin til Akureyrar til muna og um möguleikar á heilsársstarfsemi aukast. Hér er í boði mjög áhugaverður kostur sem býr yfir óþrjótandi möguleikum. Hér má sjá myndband frá staðnum : https://youtu.be/97k1cKhXmzo

**Verð 170 m. Nánari upplýsingar veitir Brynjar s: 698 6919**

**LIND** FASTEIGNASALA / **510 7900** — Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**OPIÐ HÚS** › 28. maí 17:30 – 18:00



## Fagrihjalli 46

200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 222,1 fm
FJÖLDI HERBERGJA: 6

**Fallegt og vel staðsett parhús að Fagrahjalla 46. Eignin er staðsett innst í botnlanga með sólríkum timburpöllum og fallegu útsýni.**

**79.800.000** KR



*Heyrumst*
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› **892 9966**
› **stefan@fastlind.is**



*Heyrumst*
**Þorsteinn Yngvason**
Löggiltur fasteignasali
Hdl
› **696 0226**
› **thorsteinn@fastlind.is**

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



# SÍÐUMÚLI - LEIGA

**TIL LEIGU 3 SKRIFSTOFUHERBERGI Á SÖMU HÆÐ. EINSTAKLINGS - FYRIR TVO OG FYRIR ÞRJÁ AÐILA.**

**VERÐ FRÁ KR. 45Þ. MEÐ ÖLLU.**

**UPPL. Í HAUKUR@FASTIS.IS EÐA 822-4850.**






## DUGGUVOGUR, 104 REYKJAVÍK



Borg fasteignasala 519-5500 kynnir til sölu þrjú atvinnu og iðnaðarhúsnæðabil við Dugguvog í Reykjavík. **Bilin skiptast í eftirfarandi bil:**

491,2 fermetra á einni hæð Húsnæðið er tvískipt, í fremri hlutanum er ca 250 fm verkstæðishús sem er nýtt í dag undir sprautuverkstæði og í bakhluta er lager og skrifstofuhúsnæði. Verð 39,6M.

165,1 fermetra iðnaðar og lagerhúsnæði á jarðhæð við Dugguvog í Reykjavík. Húsnæðið er á einni hæð og skiptist í sal með innkeyrsluhurð ca 3,1 m. Verð 39,6M.

180,0 fermetra iðnaðarhúsnæði á einni hæð við Dugguvog í Reykjavík. Húsnæðið skiptist í stóran sal með innkeyrsluhurð 3,1 metra. Verð 43.2M.



Brandur
Gunnarsson
löggiltur fasteignasali
**897 1401**
brandur@fastborg.is



**búmenn**

Búmenn hsf
Húsnæðissamvinnufélag
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

# Búmenn auglýsa íbúðir

## Búseturéttur á markaðsverði

**Prestastígur 11, íb.103, sem er fjölbýlishús í Reykjavík**



Til sölu er búseturéttur í 4ra herbergja íbúð á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi með lyftu. Íbúðin er 107,3 fm að stærð ásamt stæði í bílageymslu.
**Ásett verð búseturéttarins er kr. 11.000.000.**
**Mánaðargjöldin eru um kr. 203.000-**



**Víðigerði 7, sem er parhús í Grindavík**
Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja parhúsi ásamt bílskúr. Íbúðin er 81 fm að stærð og bílskúr 28,3 fm, samtals 109,3 fm.
**Ásett verð búseturéttarins er kr. 7.000.000.**
**Mánaðargjöldin eru um kr. 176.000-**

**Skipastígur 6, sem er parhús í Grindavík**



Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja parhúsi ásamt bílskúr. Íbúðin er 76,2 fm að stærð og bílskúr 24,3 fm, samtals 100,5 fm.
**Ásett verð búseturéttarins er kr. 15.000.000.**
**Mánaðargjöldin eru um kr. 113.000-**



**Lóuland 1, sem er parhús í Garði**
Til sölu er búseturéttur í 4ra herbergja parhúsi ásamt bílskúr. Íbúðin er 105,1 fm að stærð og bílskúr 30,6 fm sem gera samtals 135,7 fm.
**Ásett verð búseturéttarins er kr. 10.700.000.**
**Mánaðargjöldin eru um kr. 167.000-**

**Miðnestorg 3, íb.301, sem er fjölbýlishús í Sandgerði**



Til sölu er búseturéttur í eins herbergja íbúð ásamt svefnkróki. Íbúðin er 73,6 fm að stærð.
**Ásett verð búseturéttarins er kr. 3.000.000.**
**Mánaðargjöldin eru um kr. 117.000-**



**Grænlandsleið 44, sem er tvíbýlishús í Reykjavík**
Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð ásamt bílskúr. Íbúðin er 94,2 fm stærð og bílskúr 23,5 fm sem gera samtals 117,7 fm.
**Ásett verð búseturéttarins er kr. 21.000.000.**
**Mánaðargjöldin eru um kr. 175.000-**

**Stekkjargata 41, sem er parhús í Reykjanesbæ**



Til sölu er búseturéttur í 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr. Íbúðin er 104,6 fm að stærð og bílskúr 30,1 fm sem gera samtals 134,7 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 7.000.000. Mánaðargjöldin eru um kr. 205.000-

***Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.***

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð hafið samband við skrifstofu Búmanna.
**Tilboðsfrestur er til 7. júní n.k. kl.13.**
Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-16. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar á heimasíðu félagsins **www.bumenn.is.**

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Vinnuvélar




## Hjólbarðar




**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Bukolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is




## Varahlutir




## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852




## Þjónusta

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



## Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

3-4 herb. íbúð óskast sem fyrst á höfuðb.sv, skilvísar greiðslur,meðmæli ef óskað er.Uppl. s: 8925690 eða annast@landspitali. is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Gröfumaður óskast, aðeins vanir menn. Einnig verkamenn og bílstjórar, vanir jarðvinnu. Uppl. í s. 8970731

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

Tálknafjörður

### Deiliskipulag fyrir athafnasvæði fisk- og seiðaeldis í landi Innstu Tungu í Tálknafirði.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr, 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Innstu Tungu í Tálknafirði.

Skipulagsvæðið er á Breiðaparti í landi Innstu Tungu fyrir innan þéttbýliskjarnann og afmarkast af Tálknafjarðarvegi nr. 617 að vestan, Maggalæk að norðan, fjöru að vestan og landamörkum Gileyrar að sunnan. Núverandi stærð svæðisins með landfyllingu er um 3,6 ha.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Miðtúni 1 frá og með mánudeginum 28. maí nk. til 9. júlí 2018. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps, www.talknafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagið til 9. júlí 2018.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtún 1, 460 Tálknafirði.

*Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps*
*Óskar Örn Gunnarsson*




VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

HAGVANGUR
www.hagvangur.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Mikill heiður að vera gerður að fyrirliða strax á fyrsta árinu

**Guðlaugur Victor Pálsson tók við bikarmeistaratitlinum í Sviss sem fyrirliði FC Zürich um helgina. Er þetta fyrsti titill hans á ferlinum en liðið lagði meistarana að velli á heimavelli þeirra í úrslitunum. Hann hefur heyrt af áhuga liða frá Þýskalandi en segir að það þurfi að vera afar spennandi til að hann skoði það.**

**FÓTBOLTI** Guðlaugur Victor Pálsson leiddi lið sitt til sigurs í bikarkeppninni í Sviss í gær á fyrsta ári sínu í herbúðum FC Zürich. Þeir lögðu nýkrýnda meistara Young Boys að velli 2-1 þrátt fyrir að leika manni færri stærstan hluta seinni hálfleiks.

Leikurinn fór fram á heimavelli Young Boys en Zürich náði að halda út og fara með sigur af hólmi eftir að Young Boys minnkaði muninn á lokamínútunum.

### Strax gerður að fyrirliða

Guðlaugur Victor var skiljanlega himinlifandi þegar Fréttablaðið náði í hann eftir leik en þetta er fyrsti titill hans á ferlinum. Umboðsmaður hans, Magnús Agnar Magnússon, benti á að hann væri fyrsti íslenski fyrirliðinn sem tæki við bikar í tíu ár.

„Tilfinningin var meiriháttar, það var frábært að fá að upplifa að taka við fyrsta titlinum sem atvinnumaður. Þetta var afar erfiður leikur, við lékum lengi einum manni færri og þeir lágu á okkur eftir að þeir minnkuðu muninn en við stóðumst það. Tilfinningin þegar dómarinn flautaði af var eiginlega bara mögnuð,“ segir Guðlaugur og bætir við: „Þetta voru algjör óþarfa spjöld sem Sarr fékk en við héldum góðu skipulagi, gáfum þeim fá tækifæri og í raun er bara sætara að hafa náð að halda þetta út eftir að hafa verið einum færri svona lengi. Svo hjálpaði það ekki að leikurinn fór fram á þeirra heimavelli á gervigrasi en við sýndum að það skipti okkur engu máli.“


Guðlaugur Victor fagnar titlinum í leikslok í gær. NORDICPHOTOS/AFP.

Guðlaugur kom til Sviss frá Esbjerg fyrir tímabilið en hann var gerður að fyrirliða eftir aðeins sex mánuði. Hefur hann því borið fyrirliðabandið í Danmörku, Svíþjóð og Sviss.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég er í liði sem er að berjast um titla og mér líður afar vel hér. Ég fékk fyrirliðabandið eftir aðeins sex mánuði sem var mikill heiður. Mig hefur dreymt um að vinna titla síðan ég var lítill strákur og það var frábært að ná að vinna sinn fyrsta titil og bæta honum við á ferilskrána. Með því kemur sæti í Evrópudeildinni sem er spennandi verkefni.“

### Líður vel í Sviss

Guðlaugur Victor hefur komið sér vel fyrir í Sviss en orðrómur hefur heyrst um áhuga frá Þýskalandi. Hann segir að tilboðin þurfi að vera afar freistandi til að hann skoði þau..

„Ég hef heyrt einhverjar sögusagnir. Það er alltaf gaman að heyra af þeim en ég er mjög ánægður hér. Við erum að fara í Evrópukeppni sem verður afar spennandi, svo líður mér afar vel hérna. Zürich er frábær borg og Sviss fallegt land. Það þarf eitthvað mjög mikið til að ég íhugi að fara héðan.“

Hann var ekki valinn í 23 manna hóp Heimis Hallgrímssonar fyrir HM í Rússlandi en hann var síðast kallaður í landsliðið í ársbyrjun 2017.

„Að sjálfsögðu vonaðist maður eftir kallinu, það er markmið allra knattspyrnumanna að spila fyrir þjóðina sína. Maður hugsaði auðvitað út í það hvort ég ætti tækifæri, sérstaklega þar sem ég átti mjög gott tímabil, en því miður kom kallið ekki,“ segir Guðlaugur að lokum.

kristinnpall@frettabladid.is

## Fulham upp í efstu deild á ný

**FÓTBOLTI** Fulham kom í veg fyrir að Birkir Bjarnason og félagar í Aston Villa kæmust upp í ensku úrvalsdeildina á nýjan leik en Fulham vann 1-0 sigur í umspilsleik liðanna á Wembley um helgina. Eru Fulham-menn því komnir aftur upp í ensku úrvalsdeildina eftir fjögur ár í Championship-deildinni.

Birkir sat á bekknum allan leikinn og kom ekkert við sögu. Einn Íslendingur er í herbúðum Fulham en það er Jón Dagur Þorsteinsson sem hefur verið að gera góða hluti með varaliði félagsins. – kpt

## Þrír Íslendingar í lokamót NCAA

**FRJÁLSAR** Íslendingar munu eiga þrjá fulltrúa á lokamóti NCAA, bandaríska háskólaíþróttakerfisins, í frjálsum íþróttum. Þetta varð ljóst eftir að Sindri Hrafn Guðmundsson tryggði sér þátttökuseðil í spjótkasti.

Tryggði hann sér um leið þátttökurétt á Evrópumeistaramótinu í Berlín í ágúst en fyrst keppir hann í Bandaríkjunum.

Fyrir höfðu Hilmar Örn Jónsson, í sleggjukasti, og Hlynur Andrésson, í hlaupum, tryggt sér þátttökurétt.

Hlynur tryggði sér þátttökurétt og bætti um leið 15 ára gamalt Íslandsmet í 3000 metra hlaupi á laugardaginn en hann er nú methafi í 3.000 metra hlaupi, 10.000 metra hlaupi og 3.000 metra hindrunarhlaupi. – kpt






Hetjan Gareth Bale fagnar í forgrunni myndarinnar en í bakgrunni sést Loris Karius á grúfu stuttu eftir að hafa gert mistök sem endanlega innsigluðu sigur Madrídinga. Var þetta þrettándi meistaratitill

# Madrídingar bera af í sterkustu keppni

Real Madrid vann sinn 13. meistaradeildartitil um helgina með því að leggja Liverpool að velli 2-1 í úrslitaleiknum í Kænugarði. Eru sælastir í þessari keppni en AC Milan stendur þeim næst með sjö titla. Á þremur árum undir stjórn Zinedine Zidane hafa Madrídingar

**FÓTBOLTI** Real Madrid undir stjórn Zinedine Zidane komst í sögubækurnar í fyrra þegar liðinu tókst að verja titilinn í Meistaradeild Evrópu, fyrst allra liða.

Þeir gerðu gott betur en það og unnu keppnina þriðja árið í röð um helgina og urðu um leið fyrsta liðið í 42 ár sem nær að vinna þessa sterkustu keppni heims þrjú ár í röð.

Bayern München fór alla leið og vann Evrópukeppni meistaraliða þriðja árið í röð árið 1976 en Bæjarar þurftu aðeins að leika níu leiki í keppninni það árið, þar á meðal tvo gegn Real Madrid, áður en sigur gegn Saint-Etienne í úrslitunum kom titlinum aftur til Bæjaralands.

### Torsótt leið í úrslitaleikinn

Efasemdaraddir heyrðust um Real Madrid meðan á tímabilinu stóð.

Aðeins annað sæti í riðlakeppninni og svo gott sem úr leik í deildarkeppninni heima fyrir um áramótin, en gæðin í liðinu skiluðu því til Kænugarðs.

Það verður ekki sagt að leiðin í úrslitaleikinn hafi verið auðveld, annað sæti í einum erfiðasta riðli keppninnar skilaði þeim einvígi gegn PSG í 16-liða úrslitum.

Eftir að hafa bundið enda á drauma Parísar-manna biðu ítölsku meistararnir í Juventus sem Real Madrid marði sigur á og sendi úr keppninni annað árið í röð.

Í undanúrslitunum beið þýska stálið, Bayern München, sem virtist óstöðvandi í þýsku deildinni undir stjórn Jupp Heynckes. Þrátt fyrir það höfðu Madrídingar kunnáttuna til að klára svona einvígi og fóru í úrslitaleikinn.

Voru þeir búnir að senda meistara Frakklands, Ítalíu og Þýskalands úr keppninni þegar kom að úrslitaleiknum þar sem þeir mættu einu af fjórum toppliðum Englands.

### Engin miskunn á þessu stigi

Þegar komið er að úrslitaleiknum má ekkert út af bregða ef lið ætla að vinna titilinn, því fékk Liverpool að kynnast.

Eftir að hafa misst Mohamed Salah af velli vegna meiðsla var búið að draga nokkrar tennur úr ógnvekjandi sóknarleik liðsins. Mátti liðið því ekki við því að gefa Madrídingum mörk.

Bítlaborgarmenn lentu undir þegar Karim Benzema nýtti sér hroðaleg mistök Loris Karius í marki Liverpool en voru fljótir að svara. Sadio Mane svaraði um hæl

> Ég veit að mistök mín kostuðu tvö mörk og ég brást stuðningsmönnum Liverpool. Ég bið alla hjá Liverpool afsökunar.
>
> Loris Karius

af stuttu færi eftir fast leikatriði og staðan var jöfn á ný.

Þá munaði um að Madrídingar gátu kallað inn leikmenn á borð við Gareth Bale sem reyndist skilja liðin að á meðan Adam Lallana sem leysti Salah af hólmi náði engum takti.

Bale kom Madrídingum yfir með stórbrotnu marki, hjólhestaspyrnu frá vítateigslínunni stuttu eftir að hafa komið inn á, óverjandi fyrir markvörð Liverpool.

Hann hætti ekki þar heldur bætti við marki skömmu fyrir leikslok með skoti af 35 metra færi sem Karius blakaði í netið. Aftur verða stór spurningarmerki sett við þýska markmanninn þar, þó að flökt hafi verið á boltanum á leiðinni.

Tvenn mistök hjá markmanni Liverpool og Madrídingar náðu að refsa í bæði skiptin en það reyndist banabiti Liverpool-manna. Seinna markið kom þegar tíu mínútur voru til leiksloka og Madrídingar settust aftar og leyfðu leiknum hægt og bítandi að klárast. Liverpool-menn með Mane fremstan í flokki reyndu að mása og blása en hús Real Madrid-manna stóðst allar tilraunir Liverpool-manna á seinustu tíu mínútum leiksins.

### Nýr stöðugleiki Madrídinga

Real Madrid hefur í gegnum tíðina átt það til að ana að hlutunum og að fá inn stórstjörnur í bílförmum. Undir stjórn Zidane hefur Madrídingum tekist að skapa vel smurða vél sem þekkir hvað þarf til að vinna slík einvígi. Þekkja leikmenn hlutverk sín vel og gæðin eru það mikil að fá lið standast þeim snúning.

Tefldi hann fram sama byrjunarliði gegn Liverpool og hóf úrslitaleikinn fyrir ári en það er aðeins í annað skiptið í sögu keppninnar sem það gerist. Ef farið er ári lengra til baka kemur í ljós að aðeins tvær breytingar áttu sér stað frá því að fyrsti titillinn af þremur vannst.

Miðvörðurinn Pepe er farinn frá félaginu og tók Raphael Varane stöðu hans ásamt því að Bale þurfti að sætta sig við sæti á varamannabekknum undanfarin tvö ár eftir að hafa byrjað úrslitaleikinn 2016.

Annars voru níu af þeim ellefu sem byrjuðu leikinn gegn Atletico Madrid árið 2016 í Mílanóborg í byrjunarliði Madrídinga um helgina.

Það gæti verið komið að kynslóðaskiptum hjá Madrídingum og tími til að breyta. Bale og Ronaldo gáfu báðir misvísandi skilaboð um framtíð sína í viðtölum eftir leikinn. Í Madrídarborg þykir ekki ásættanlegt að horfa á eftir spænska meistaratitlinum til Barcelona og fær Zidane eflaust úr djúpum vösum að moða í sumar við að styrkja leikmannahópinn til að gera atlögu að þeim fjórtánda um leið.

### Sigursæll Zidane

Zidane tók við liði Real Madrid eftir að Rafa Benitez var rekinn í janúar 2016 en það er óhætt að segja að þar hafi hafist ný gullöld hjá sigursælasta félagi keppninnar og spænsku deildarkeppninnar.

Hefur hann stýrt liðinu í 875 daga en á þeim tíma hefur liðið unnið níu titla af þeim þrettán sem í boði voru. Reiknast það sem titill á 97 daga fresti eða rúmlega þriggja mánaða fresti sem er stórkostlegt afrek. kristinnpall@frettabladid.is



Madrídinga. NORDICPHOTOS/GETTY

# heims

Madrídingar lang sigur-
alltaf unnið keppnina.

# Borg syndanna að breytast í íþróttaborg

Las Vegas sem hefur verið þekkt fyrir sól, spilavíti, skemmtanalíf, og annað þvíumlíkt er skyndilega komin með íþróttalið í íshokkí í fremstu röð og fleiri á leiðinni. Íshokkíliðið hefur sameinað borgarbúa eftir skotárásina á síðasta ári.

**ÍSHOKKÍ** Las Vegas gengur undir hinum ýmsu nöfnum, borg syndanna, borg ljósanna, höfuðborg veðmála og leikvöllur Bandaríkjanna. Hingað til hefur borgin ekki haft mikil tengsl við íþróttir, þar til nú.

Í miðri eyðimörkinni, þar sem 20 sentímetra snjókoma setti samfélagið á hliðina fyrir tíu árum, er skyndilega búið að stofna íshokkíliðið Vegas Golden Knights.

Þykja þeir líklegir til að vinna Stanley-bikarinn á fyrsta ári sínu eftir stofnun enda með heimavallarrétt í úrslitaeinvíginu gegn Washington Capitals.

Er þetta í fyrsta sinn í 38 ár sem lið kemst í úrslitakeppnina í íshokkíi á fyrsta ári sínu og fyrsta sinn í fimmtíu ár sem lið kemst í úrslitaleikinn á fyrsta ári sínu.

Það er ekki aðeins í íshokkíinu sem Las Vegas er að skjótast fram á sjónarsviðið í bandarísku íþróttalífi en nýlega hófst fyrsta tímabil Las Vegas Aces í WNBA-deildinni.

Þá eru tvö ár í að nýr völlur Raiders-manna í NFL-deildinni verði opnaður í eyðimörkinni og að þeir flytji sig um set frá Oakland yfir til Las Vegas.

Hér áður fyrr höfðu eigendur liða í stóru íþróttadeildum Bandaríkjanna áhyggjur af freistingum sem biðu leikmanna í borginni. Vandræði myndu fylgja því að leika reglulega í Las Vegas en íshokkíliðið hefur sýnt að það er hægt að reka íþróttafélög í borg syndanna.



**Leikmenn Vegas Golden Knights fagna deildarmeistaratitlinum á svellinu á dögunum en Stanley-bikarinn er skammt undan.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Nýliðarnir komnir alla leið**

Bandaríska deildarkerfið í íþróttum tryggir það að þegar ný lið eru stofnuð fái þau greiðan aðgang að góðum leikmönnum til að geta teflt fram samkeppnishæfu liði.

Fengu forráðamenn annarra liða að velja nokkra leikmenn í sínum herbúðum sem væru ósnertanlegir. Eftir það fengu forráðamenn Vegas Golden Knights að velja sér leikmenn úr herbúðum andstæðinganna.

Þar náðu þeir í burðarása liðsins og bættu svo við ungum og efnilegum leikmönnum í árlegu nýliðavali deildarinnar. Þrátt fyrir það var talið svo gott sem ómögulegt að Golden Knights myndi fara í úrslitaleikinn á fyrsta ári sínu enda fimmtíu ár síðan lið komst í úrslitin á fyrsta ári sínu eftir stofnun.

Í aðdraganda fyrsta leiks tímabilsins og fyrsta leik liðsins var framið voðaverk í borginni. Alls létust 58 manns og 851 særðist í skotárás rúmum kílómetra frá höllinni sem Golden Knights leikur í.

Gerðist það aðeins nokkrum dögum fyrir fyrsta leikinn og var athyglin skiljanlega á allt öðrum stað en á hokkívellinum í frumraun Golden Knights. Hokkíliðið sameinaði íbúa borgarinnar með góðu gengi en níu af fyrstu tíu heimaleikjunum unnust.

Var alltaf beðið eftir því að liðinu myndi fatast flugið en því hefur tekist að standast öll áföll tímabilsins til þessa og skyldi engan undra að það ynni stærsta bikar bandarískra íþrótta, Stanley-bikarinn, á næstu dögum. kristinnpall@frettabladid.is

# Fimmti titill Ronaldo

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo komst um helgina í fámennan en góðmennan klúbb leikmanna sem hafa unnið Meistaradeild Evrópu og forvera hennar, Evrópukeppni meistaraliða, fimm sinnum. Var þetta fjórði meistaratitill hans með Madrídingum en hann vann einn með Manchester United.

Er hann tíundi leikmaðurinn sem nær þessu merka afreki en aðeins Francisco Gento, leikmaður Real Madrid í átján ár frá 1953 til 1971, vann fleiri eða sex titla.

Af þeim tíu leikmönnum sem hafa unnið fimm titla eru sjö hluti af liði Real Madrid sem vann keppnina fimm ár í röð í upphafi Evrópukeppni meistaraliða.

Ítölsku varnarmennirnir Alessandro Costacurta og Paolo Maldini hjá AC Milan eru einu leikmennirnir sem hafa unnið fimm meistaratitla með öðru félagi en Real Madrid.

Nú er spurningin hvort Ronaldo ætli að gera atlögu að meti Gento og ná þeim sjötta á ferlinum en í viðtölum eftir leik virtist hann gefa til kynna að hann gæti yfirgefið félagið. – kpt



**Ronaldo fagnar að hætti hússins og minnir á titlana fimm.**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Keflavík - ÍBV 1-3**
0-1 Sindri Snær Magnússon (18.), 0-2 Sigurður Grétar Benónýsson (69.), 1-2 Lasse Rise (72.), 1-3 Sindri Snær (89.).

**KR - KA 2-0**
1-0 Björgvin Stefánsson (44.), 2-0 Kennie Knak Chopart (59.).

**Víkingur R. - Fjölnir 1-2**
0-1 Þórir Guðjónsson (7.), 0-2 Almarr Ormarsson (25.), 1-2 Alex Freyr Hilmarsson (87.).

**Stjarnan - Grindavík 1-1**
0-1 René Joensen (32.), 1-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (79.).

**Valur - Breiðablik 2-1**
0-1 Aron Bjarnason (13.), 1-1 Patrick Pedersen (62.), 2-1 Ólafur Karl Finsen (88.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 11 | Stjarnan | 7 |
| Grindavík | 11 | Fylkir | 7 |
| FH | 10 | Víkingur R. | 6 |
| KR | 9 | KA | 5 |
| Fjölnir | 9 | ÍBV | 5 |
| Valur | 9 | Keflavík | 2 |

**Pepsi-deild kvenna**

**FH - Þór/KA 1-4**
0-1 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (13.), 0-2 Arna Sif Ásgrímsdóttir (43.), 0-3 Sandra Mayor (51.), 0-4 Andrea Mist Pálsdóttir (55.), 1-4 Marjani Hing-Glover (84.).

**Meistaradeild Evrópu, úrslit**

**Real Madrid - Liverpool 3-1**
1-0 Karim Benzema (51.), 1-1 Sadio Mane (55.), 2-1 Gareth Bale (64.), 3-1 Bale (83.).

# Montpellier meistari á ný

**HANDBOLTI** Montpellier tryggði sér sigur í Meistaradeild Evrópu um helgina með 32-26 sigri á Nantes í úrslitaleiknum í Köln.

Er þetta í annað sinn sem Montpellier fagnar sigri í þessari keppni og í fyrsta sinn í fimmtán ár.

Er það enn eina franska liðið sem hefur unnið þessa sterkustu keppni heims en stjörnum prýtt lið PSG hefur aldrei náð að vinna þann stærsta.

Ísland átti enga fulltrúa á vellinum að þessu sinni en dómaraparið Jónas Elíasson og Anton Gylfi Pálsson dæmdi undanúrslitaleik Vardar og Montpellier á laugardaginn með stökustu prýði. – kpt




FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
28. MAÍ 2018 MÁNUDAGUR



Ísleifur Gissurarson var biskup í Skálholti.

## Merkisatburðir

**585 f.Kr.** Sólmyrkvi sem gríski heimspekingurinn Þales hafði spáð fyrir um á sér stað. Þessi dagsetning er höfuðdagsetning sem hægt er að miðað aðrar dagsetningar út frá.

**1118** Ísleifur Gissurarson biskup deyr í Skálholti.

**1871** Parísarkommúnan fellur.

**1918** Aserbaidsjan lýsir yfir sjálfstæði.

**1936** Alan Turing birtir fræðigreinina On Computable Numbers.

**1937** Neville Chamberlain verður forsætisráðherra Bretlands.

**1937** Þýski bílaframleiðandinn Volkswagen stofnaður.

**1940** Belgar gefast upp fyrir Þjóðverjum í seinni heimsstyrjöldinni.

**1942** Þýskir hermenn myrða 1.800 manns í Tékkóslóvakíu til að hefna fyrir banatilræði gegn Reinhard Heydrich, hershöfðingja hjá SS.

**1961** Peter Benenson birtir greinina Týndu fangarnir í nokkrum tímaritum í Bandaríkjunum. Amnesty international verður til.

**1967** Íþróttafélagið Fylkir stofnað í Reykjavík.

**1983** Eldgos hefst í Grímsvötnum í Vatnajökli.

**1995** Rússneski bærinn Neftegorsk jafnast við jörðu í 7 stiga jarðskjálfta. Tæplega 2.000 manns farast.

**1999** Listverk Leonardo da Vinci, Síðasta kvöldmáltíðin, er til sýnis í Mílanó á ný eftir viðgerðir sem tóku 22 ár.

**2002** Síðasta brotajárnið er fjarlægt af svæðinu þar sem Tvíburaturnarnir stóðu í New York.

**2011** Möltumenn samþykkja í þjóðaratkvæðagreiðslu lagabreytingar sem heimila skilnað.



Síðasta kvöldmáltíðin eftir Leonardo da Vinci.




✝

Ástkær eiginkona mín,
systir okkar, mágkona og frænka,

**Hildur Eðvarðsdóttir**

frá Brautartungu,
Skagabraut 48, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, 13. maí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 29. maí kl. 13.

**Eiríkur Sveinsson**
**Margrét Kristjánsdóttir** **Helgi Hannesson**
**Sveinn Gunnar Eðvarðsson** **Anna E. Rafnsdóttir**
**Guðni Eðvarðsson** **Halldóra Ingimundardóttir**
**og systkinabörn.**




Morgunblaðið
Prentsmiðja Morgunblaðsins.
ÞRIÐJUDAGUR 30. MAÍ 1978
111. tbl. 65. árg.
Vinstri stjórn í Reykjavík



VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar
Sterkasta vígi Sjálfstæðisflokksins féll í sveitarstjórnarkosningunum:
„Fer á skrifstofuna til að pakka saman"
— sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson er úrslitin voru ráðin í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík.

Morgunblaðið tilkynnti lesendum sínum að vinstrimenn hefðu haft betur, á meðan Vísir ræddi við fráfarandi borgarstjóra sem fór að taka saman föggur sínar.

# Þegar Alþýðubandalagið felldi Sjálfstæðisflokkinn

**Fjörutíu ár eru síðan kaflaskipti urðu í stjórnmálasögu Reykjavíkurborgar þegar Alþýðubandalagið hrakti meirihluta Sjálfstæðismanna úr borgarstjórn. Meirihlutinn hafði verið við völd í tæplega hálfa öld. Þetta var þó skammgóður vermir fyrir vinstrimennina.**

Fjörutíu ár eru í dag síðan meiriháttar breytingar urðu í landslagi stjórnmálanna í Reykjavík. Í sveitarstjórnarkosningum árið 1978 kolféll meirihluti Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni sem hafði verið við völd áratugum saman, eða síðan árið 1930.

Eftir að talið hafði verið upp úr kjörkössunum þann 28. maí árið 1978 var ljóst að listar þriggja flokka myndu skipa nýjan meirihluta í Reykjavík: Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins.

Í samtali við Morgunblaðið þann 29. maí sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson, þá fráfarandi borgarstjóri Sjálfstæðisflokks, að úrslit kosninganna hefðu komið honum mikið á óvart, þá sérstaklega fylgisaukning Alþýðubandalagsins. „Ég var viss um, að þeir höfðu meðbyr í þessum kosningum, en að sveiflan yrði jafn mikil og raun bar vitni um hafði ég ekki gert mér grein fyrir," sagði Birgir

> **Talið var að persónufylgi Guðrúnar Helgadóttur hefði tryggt Alþýðubandalaginu gott gengi í kosningunum.**

Ísleifur og bætti við: „Ég held að persónulegar vinsældir Guðrúnar Helgadóttur hafi átt verulegan þátt í þessu."

Guðrún Helgadóttir var í fjórða sæti lista Alþýðubandalagsins en bandalagið náði fimm mönnum inn. Í Alþýðublaðinu var því haldið fram að Guðrún væri í raun sigurvegari kosninganna.

Birgir Ísleifur hafði sérstakar áhyggjur af kjörsókn sem var afar dræm miðað við fyrri kosningar, eða 83,7 prósent.

„Hið pólitíska herbragð sem Alþýðubandalagið hóf með því að telja Reykvíkingum í trú um það að meirihluti Sjálfstæðismannanna væri öruggur tókst fullkomlega," sagði Birgir Ísleifur í samtali við Vísi þegar niðurstöður kosninganna lágu fyrir. Hann sagði blaðamanni Vísis að hans næsta verk yrði að fara niður á borgarstjórnarskrifstofur og pakka saman.

Þetta var þó skammgóður vermir fyrir vinstrimenn. Því fjórum árum síðar náði Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta á ný í Reykjavík. Tólf árum síðar, eða þann 28. maí árið 1994, sigraði Reykjavíkurlistinn í borgarstjórnarkosningum og skákaði þar með meirihluta Sjálfstæðisflokksins sem þá hafði setið í tólf ár.

kjartanh@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. MAÍ 1987

## Mathias Rust lendir í Moskvu

Þann 28. maí árið 1987, eða fyrir 31 ári, lenti flaug Þjóðverjinn Mathias Rust í gegnum loftvarnir Rússlands og lenti smávél af gerðinni Cessna Skyhawk á Rauða torginu í Moskvu. Uppákoman vakti heimsathygli og eftirköst hennar sömuleiðis.

Rust var handtekinn á Rauða torginu, eftir að hafa heilsað vegfarendum, og var á endanum kærður fyrir ólöglega komu inn í landið og fyrir að hafa brotið flugreglur. Hann var dæmdur til fjögurra ára vistar í Lefortovo-fangelsinu.



Frá réttarhöldunum yfir Rust.
NORDICPHOTOS/GETTY

Rust var sleppt í ágúst árið 1988, eftir að Gorbatsjev, leiðtoga Sovétríkjanna og Reagan Bandaríkjaforseti komust að samkomulagi um eyðingu á kjarnorkuvopnum í Evrópu.

Uppátæki Rust hafði mikil áhrif. Varnarmálaráðherra Rússlands og yfirmaður loftvarnamála sögðu af sér. Rust hafði, meðvitað eða ómeðvitað, varpað ljósi á veikar loftvarnir Rússlands og þar með hafði sterk ásýnd móðurlandsins beðið hnekki meðal almennings í Rússlandi. **– khn**



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Vestankaldi og dálítil væta í upphafi dags, en styttir síðan upp og rofar til. Væntanlega verður sólríkast og hlýjast á Austfjörðum og Suðausturlandi.




### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 7° | 17° |
| ↖17 | ↖6 | ↖2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 13° | 10° | 9° |
| ↑9 | ←10 | ↑17 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 20° |
| ↑9 | ↑9 | ↑6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 15° | 11° | 10° |
| ↖9 | ←9 | ↑11 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 5 | | | | 7 |
| | 1 | 6 | 4 | | 7 | | 5 | |
| | | 7 | 8 | | | | | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 4 | | 3 | 9 | 6 | 1 | | | |
| 1 | | | | 7 | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | 2 | 5 | 8 | | 4 |
| | | | | 8 | 3 | | 2 | |
| 8 | 6 | | | 4 | | 1 | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 2 | 6 | | | 7 |
| | 9 | | | | 7 | | 6 | 1 |
| | | 8 | | | | 9 | | |
| 4 | | | | | 9 | | | 2 |
| | 8 | 9 | 1 | | | | | 6 |
| 1 | | 3 | 5 | | | | | |
| | | | | | | 2 | | |
| | | | | | | | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | | 1 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 7 | 2 | 4 |
| 4 | | 6 | | | 3 | | 5 | |
| | | | | 5 | | | | |
| | 5 | 8 | 2 | | | | | 6 |
| | 4 | | 6 | | | | | |
| 2 | | | | 4 | | | | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 2 | 1 | 7 | | | 9 | | 8 |
| 6 | | 9 | 5 | 8 | | | | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 9 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 1 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. skot
5. erfiði
6. í röð
8. tré
10. átt
11. lykt
12. rof
13. ofneysla
15. fimi
17. gabba

**LÓÐRÉTT**
1. ýlfur
2. ára
3. næra
4. barn
7. jafnhliða
9. málmur
12. kústa
14. þessi
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. spark, 5. púl, 6. rs, 8. akasía, 10. na, 11. ilm, 12. slit, 13. óhóf, 15. lipurð, 17. narra.
**LÓÐRÉTT:** 1. spangól, 2. púka, 3. ala, 4. krili, 7. samtíða, 9. silfur, 12. sópa, 14. hin, 16. rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Peressypkin átti leik gegn Romanishin í Oddessa árið 1972.

**Hvítur á leik**

**1. e6! Hxg5 2. Hd8+! Kxd8 3. exf7 1-0.**

Hilmir Freyr Heimisson sigraði á Meistaramóti Skákskóla Íslands sem fram fór um helgina. Arnar Smári Signýjarson sigraði í b-flokki.

**www.skak.is:** Allt um Meistaramótið.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman













# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Mánudagur

Hvar@frettabladid.is



Það verður gongað á fullu í Nauthólsvík í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 28. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Mánudjass á Húrra: Kveðjudjass fyrir Óla og Arnar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Mánudjassinn kveður tvo lykilmenn, þá Óla og Arnar, sem hafa staðið vaktina undanfarin ár á barnum. Fyrsta settið verður því með öðru sniði og Óli syngur með okkur sína uppáhalds standarda í síðasta skipti. Eftir hlé er svo öllum velkomið að taka lagið.

### Viðburðir

**Hvað?** Gong á fullu tungli á ylströndinni
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Nauthólsvík
Að þessu sinni koma margir gongspilarar saman og stilla sig saman í hjarta og vitund til að skapa heilandi hljómfall fyrir alla sem koma og njóta með okkur. Hægt er að vera á ströndinni eða í pottinum eftir því sem pláss leyfir. Þetta er gjöf okkar til borgarbúa og þökkum við ÍTR fyrir velviljann í þessu gongsamstarfi sem er búið að vera í gangi síðastliðin þrjú ár við góðar viðtökur. Öllum gongspilurum og fólki á andlegu leiðinni er mikilvægt að þjóna án væntinga til að skapa dýpri andlegri tengsl við það sem unnið er með og þróa auðmýkt.

**Hvað?** Hvernig höldum við gleðinni í íþróttum á tímum afreksmennsku?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hátíðarsal Háskóla Íslands
Hvernig er hægt að tryggja áfram félagslegt og uppeldislegt gildi íþrótta fyrir börn og ungmenni og stuðla um leið að áframhaldandi góðum árangri íslenskra íþróttamanna?
Leitað verður svara við þessari spurningu á sjötta og síðasta fundinum í fundaröð Háskóla Íslands Háskólinn og samfélagið – Best fyrir börnin.

**Hvað?** Hádegisfyrirlestur
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stígamót, Laugavegi
Inga Vala Jónsdóttir ljósmóðir mun kynna meistararannsókn sína Að það sé einhver skilningur á manni – Reynsla íslenskra kvenna sem eru þolendur kynferðislegs ofbeldis í æsku af barneignarferlinu. Inga Vala mun segja frá fræðilegri þekkingu á málefninu og niðurstöðum rannsóknar sinnar á mannamáli.

### Sýningar

**Hvað?** Reykjavík 1918, sýning í Aðalstræti 10
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Borgarsögusafni, Aðalstræti 10
Ljósmyndasýningin Reykjavík 1918 í Aðalstræti 10 er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands og er styrkt af afmælisnefnd viðburðarins. Höfundur texta sýningarinnar er skáldið Sjón og kemst hann svo að orði um viðfangsefni sýningarinnar: „Er maður hugsar til fólksins sem lifði árið 1918 þykir manni ótrúlegt að það hafi haft tíma til þess að lifa svokölluðu venjulegu lífi, það hljóti að hafa verið of önnum kafið að takast á við hina sögulegu viðburði til þess að elska, vinna, dreyma og þjást. En líkt og við sjálf – sem einnig þykjumst lifa viðburðaríka tíma – átti það sér sína daglegu tilveru, í sinni litlu en ört vaxandi Reykjavík, og um það bera ljósmyndirnar á þessari sýningu vitni.“

**Hvað?** Torfhúsabærinn Reykjavík
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Borgarsögusafni, Aðalstræti 10
Torfhúsabærinn Reykjavík er heiti sýningar Borgarsögusafns í Aðalstræti 10, sem opnuð var 10. maí 2018. Sýningin fjallar um torfhús í Reykjavík frá upphafi landnáms til fyrstu áratuga 20. aldar. Í þúsund ár var Reykjavík torfhúsaþorp, svo tók við stutt timburhúsatímabil og í eina öld hefur Reykjavík verið steypuhúsabær. Forleifarannsóknir undanfarinna áratuga hafa leitt í ljós að þegar um árið 1000 hafði myndast lítið þorp torfhúsa í Reykjavík. Niðurstöður rannsóknanna eru kynntar meðal annars á þrívíddartölvulíkani sem sýnir torfhúsaþorpið. Ljósmyndir sýna yfirbragð bæjarins fram á 3. áratug 20. aldar. Höfundur sýningarinnar er Hjörleifur Stefánsson arkitekt.

**Hvað?** Þolmörk
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Eiðistorgi, Seltjarnarnesi
Embla Sigurgeirsdóttir keramikhönnuður sýnir ný verk á sýningu sem kallast Þolmörk. Embla útskrifaðist með BA Hons. í keramikhönnun frá University of Cumbria á Englandi árið 2014 en þar áður stundaði hún tveggja ára nám við Mótun í Myndlistarskólanum í Reykjavík.

**Hvað?** Innrás II: Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafni
Verk Hrafnhildar Arnardóttur / Shoplifter eru allt í senn rómantísk, kjánaleg, fyndin og falleg. Hún hefur leikið sér með andstæður, fínlega efnisnotkun og handverk ásamt ofhlæði og afkáraleika. Árið 2018 eru fyrirhugaðar fjórar innrásir í sýninguna List fyrir fólkið í Ásmundarsafni, þar sem völdum verkum Ásmundar Sveinssonar er skipt út fyrir verk starfandi listamanna.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafni
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkarði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni þar á meðal verk höggvin úr tré, steinsteypu og brons. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktra verka sem stækkuð hafa verið og sett upp víða um land. Hönnuður sýningarinnar er Finnur Arnar Arnarson og er framsetning verkanna með þeim hætti að í einstakri umgjörð Ásmundarsafns fá þau nýtt og kröftugt samhengi.


RENAULT
Passion for life

Þú tankar sjaldnar
á Renault sendibíl



RENAULT KANGOO, DÍSIL
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL
Verð: 2.217.000 kr. án vsk.
2.750.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL
1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL
Verð frá: 2.943.000 kr. án vsk.
3.650.000 kr. m. vsk.
Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL
2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL
Verð frá: 3.669.000 kr. án vsk.
4.550.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM87049

www.renault.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# DAGSKRÁ

# Mánudagur



**FYRIR ÍSLAND**
KL. 20:10

Gummi Ben heimsækir strákana okkar og hitar upp íslensku þjóðina fyrir Heimsmeistaramótið í Rússlandi í sumar. Í þessum þætti heimsækir Gummi Ben Rússana okkar í Rostov. Það eru þeir Ragnar Sigurðsson, Sverrir Ingi Ingason og Björn Bergmann Sigurðarson sem verða á heimavelli að þessu sinni. Ekki missa af strákunum okkar í skemmtilegum og líflegum þætti.

Magnað
**Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



Seinni hluti

**SILENT WITNESS** FYRRI HLUTI Á STÖÐ 2 FRELSI
KL. 20:50

Glæný og hörkuspennandi sería frá BBC um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar óhugnanleg morð hafa verið framin. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Fyrri þátturinn er sýndur á sunnudagskvöldum og sá seinni á mánudagskvöldum.

**S.W.A.T.** Snýr aftur
KL. 21:40

Við höldum áfram þar sem frá var horfið með þessa hörkuspennandi þætti um Daniel Harrelson og félaga í sérsveit lögreglunnar í Los Angeles.






**WESTWORLD**
KL. 22:20

Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðinsskemmtigarði en ógnvænlegur galli hefur komið í ljós.

**THE LOBSTER** BÍÓ
KL. 20:50

Í nálægri framtíð er illa séð að vera einhleypur, svo illa að fólki er aðeins gefnir 45 dagar til að finna sér maka, annars verður þeim breytt í dýr.




Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Strákarnir
**07.50** 2 Broke Girls
**08.15** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Hell's Kitchen
**10.20** Masterchef USA
**11.05** Empire
**11.50** Kevin Can Wait
**12.15** Gatan mín
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**13.45** The X-Factor UK
**14.35** The X-Factor UK
**15.25** The X-Factor UK
**16.35** Friends
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Brother vs. Brother Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem keppa um það hvor sé færari í að taka hús í gegn. Þeir byrja frá grunni og þurfa að takast á við fjölmörg spennandi verkefni. Í hverjum þætti er nýr dómari sem úrskurðar í lok þáttar hvor hafi staðið sig betur. Í lokin setja þeir húsin á sölu og sá sem græðir meira á sölunni stendur uppi sem sigurvegari þáttaraðarinnar.
**20.10** Fyrir Ísland
**20.50** Silent Witness
**21.45** S.W.A.T.
**22.30** Westworld
**23.30** Lucifer Þriðja þáttaröðin af þessum mögnuðu spennuþáttum frá Warner um djöfulinn sjálfan sem kom upp á yfirborð jarðar þegar hann fékk nóg af helvíti dag einn. Hann finnur fyrir nýjum tilgangi og vill láta gott af sér leiða eftir að hann kynnist lögreglukonu og byrjar því aðstoða hana við rannsókn sakamála með sínum einstöku og yfirnáttúrulegu hæfileikum til þess að fá fólk til að uppljóstra sínum dýpstu leyndarmálum.
**00.15** 60 Minutes
**01.00** Timeless
**01.45** Born to Kill
**02.35** Blindspot
**03.20** The Blacklist: Redemption
**04.05** Every Secret Thing
**05.35** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**06.35** Keflavík - ÍBV
**08.15** Valur - Breiðablik
**09.55** Boston Celtics - Cleveland Cavaliers
**11.50** Real Madrid - Liverpool
**13.30** Meistaradeildarmörkin
**14.00** Fulham - Aston Villa
**15.40** Keflavík - ÍBV
**17.20** Valur - Breiðablik
**19.00** FH - Fylkir
**21.15** Pepsímörkin
**22.35** UFC Fight Night Thompson vs. Till

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00** Tottenham - Leicester
**09.40** West Ham - Everton
**11.20** Swansea - Stoke
**13.00** Southampton - Manch. City
**14.40** Newcastle - Chelsea
**16.20** Huddersfield - Arsenal
**18.00** Crystal Palace - WBA
**19.40** Burnley - Bournemouth
**21.20** Messan
**22.50** FH - Fylkir

## STÖÐ 3

**19.10** Man Seeking Woman
**19.35** The Last Man on Earth
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Who Do You Think You Are?
**21.35** Famous In Love
**22.15** Empire
**23.00** The Americans
**23.45** Supernatural
**00.55** Seinfeld
**01.20** Friends
**01.45** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Strumparnir
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Stóri og Litli
**08.13** Tindur
**08.27** Zigby
**08.38** Mæja býfluga
**08.50** Kormákur
**09.00** Könnuðurinn Dóra
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Stóri og Litli
**12.13** Tindur
**12.27** Zigby
**12.38** Mæja býfluga
**12.50** Kormákur
**13.00** Könnuðurinn Dóra
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Stóri og Litli
**16.13** Tindur
**16.27** Zigby
**16.38** Mæja býfluga
**16.50** Kormákur
**17.00** Könnuðurinn Dóra
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Mamma Mu
**19.00** Lotta í Skarkalagötu



**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24**

## GOLFSTÖÐIN

**13.00** Golfing World
**13.50** Fort Worth Invitational
**18.50** PGA Highlights
**19.45** LPGA Tour
**22.45** PGA Highlights

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.15** Steve Jobs
**12.15** Being John Malkovich
**14.10** Hitch
**16.05** Steve Jobs
**18.10** Being John Malkovich Frábær mynd með John Malcovich, John Cusack, Cameron Diaz og Catherine Keener. Craig Schwartz fær vinnu á undarlegum stað og uppgötvar göng bak við skjalaskáp nokkurn á 7½. hæð. Sá sem fer inn í göngin lendir umsvifalaust inni í vitund kvikmyndaleikarans Johns Malkovich og dvelur þar í 15 mínútur. Craig sér ótvíræða kosti í stöðunni og upphugsar aðferð til að græða á huga leikarans knáa.
**20.05** Hitch
**22.00** The Lobster Gamansöm mynd frá 2015 með Rachel Weisz og Colin Farrell. Í nálægri framtíð er illa séð að vera einhleypur – svo illa að aðeins eru gefnir 45 dagar til að finna sér maka, annars verður þeim breytt í dýr sem eru svo send út í skóg. David er nýbúinn að missa konuna sína í fangið á öðrum manni og mætir því á hótelið þar sem þessi örvæntingarfulli mökunarleikur fer fram.
**00.00** The Revenan
**02.35** Meet Joe Black
**05.35** The Lobster

## RÚV

**16.10** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Elías
**18.12** Letibjörn og læmingjarnir
**18.19** Alvin og íkornarnir
**18.30** Millý spyr
**18.37** Uss-Uss!
**18.48** Gula treyjan
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Til Rússlands með Simon Reeve
**21.00** Njósnir í Berlín
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Saga HM: Suður-Afríka 2010
**23.35** Kastljós
**23.50** Menningin
**23.55** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Superior Donuts
**14.15** Madam Secretary
**15.00** Speechless
**15.25** Will & Grace
**15.45** Strúktúr
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Good Place
**20.10** Jane the Virgin
**21.00** Hawaii Five-0
**21.50** Blue Bloods
**22.35** Snowfall
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI
**01.30** This is Us
**02.15** For the People
**03.05** The Assassination of Gianni Versace
**03.50** Shots Fired
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

SAMSUNG

# Auðvelt að velja!

## SAMSUNG

## Ekta UHD 4K

UE**49"**MU6175.....**kr. 119.900,-**
UE**55"**MU6175.....**kr. 129.900,-**
UE**65"**MU6175.....**kr. 229.900,-**
UE**75"**MU6175.....**kr. 379.900,-**

*Öll þessi tæki hafa: Raunverulega UHD 4K myndvinnslu, þráðlaus samskipti um Bluetooth við Soundbar eða heyrnartól. Speglun á mynd við önnur snjalltæki. Myndgæði 1300 PQI. Forðumst eftirlíkingar.*




## Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

## SAMSUNG

## QLED TV

**Eigum nokkur 7 og 8 línu QLED-tæki á lækkuðu verði í stærðum 49" 55" 65" og 75".**

Dæmi: 55" **QE55Q7C.**

**Verð nú 249.900,-**




**Q picture**

Litur
Sýnir alla liti 100%

Contrast
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000
Sýnir nákvæmlega rétta liti

Sjónarhorn
Öll sætin eru bestu sætin

**Q style**

Ósýnilegar tengingar
Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil
Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun
Hvert smáatriði er þaulhugsað

**Q smart**

Ein fjarstýring
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu

Smart view
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content
Fjölbreytt úrval efnisveita

4K ULTRA HD CONNECTED · ULTRA HD PREMIUM · ULTRA HD · VDE

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**LOKAÐ LAUGARDAGA Í SUMAR**

SAMSUNG SETRIÐ
NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



Todd Fisher svipti hulunni af minnismerki tileinkuðu Carrie systur sinni fyrir utan Chinese Theater í Hollywood. Svarthöfði og félagar voru á svæðinu.



Trommuleikarinn knái og progg-guðinn Carl Palmer lamdi húðir og gólaði í hljóðnema í Sao Paulo í Brasilíu.



William H. Macy ræddi að- eins um þáttinn Shameless sem hann leikur í í Los Angeles.

# Frægir á ferð og flugi

Eins og vanalega var líf og fjör um helgina um allan heim. Fræga fólkið fagnaði sumrinu og spókaði sig í sólinni eins og vera ber. Hinir ýmsu viðburðir fóru fram og þar voru ýmsir og hér skulum við skoða það eilítið.



Nokkrir meðlimir Jackson-fjölskyldunnar skelltu sér til London um helgina og sáust á ferðinni í borginni, meðal annars fyrir utan höfuðstöðvar BBC.



Sting og Shaggy tóku lagið í þættinum Good Morning America. Ótrúlegt dúó.



Spotify bauð í 5 Seconds of Summer gigg í Sydney í Ástralíu.



Chris Pratt var einnig í London um helgina og brá á leik eins og vanalega.

THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is






**Skálmeldingar þenja raddbönd ásamt Adda í Sólstöfum á hátíðinni forðum daga.** MYND/RONALD ROGGE

# Rokk og ról með bros á vör

Fjarðabyggð fellir niður skuld þungarokkshátíðarinnar Eistnaflugs. Því verður rokkað og rólað fyrir austan í bullandi fjöri en hátíðin skildi eftir sig 20 milljóna króna gat í fyrra sem tekist hefur að brúa.

Við erum nú skuldlaus nema við bankann sem er alveg rólegur svo já, það er hátíð. Við þurfum nú að selja miða til að borga hátíð þessa árs,“ segir Karl Óttar Pétursson, framkvæmdastjóri þungarokkshátíðarinnar Eistnaflugs.

Á síðasta fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar var ákveðið að fella niður rúmlega milljón króna skuld hátíðarinnar við bæinn og fá starfsmenn Eistnaflugs afnot af Kirkjumel meðan á hátíðinni stendur. „Þetta er gríðarlegt fagnaðarefni fyrir hátíðina. Hann lánar okkur líka húsnæði,“ segir Erna Björk Baldursdóttir, kynningarstjóri hátíðarinnar.

„Eftir fjárhagslega skipulagningu síðastliðið haust höfum við aldrei stefnt á neitt annað en að halda hátíðina og staðið við það allar götur síðan. Hátíðabransinn á Íslandi er erfiður og þetta er hark, vissulega er það léttir fyrir alla sem koma að máli að Fjarðabyggð hafi tekið þessa ákvörðun og með því létt róðurinn þetta árið og þökkum við þeim það,“ segir hún þakklát.

Skipulagningu er nú lokið og framkvæmdin í fullum gangi. Síðasta hljómsveitin var tilkynnt í vikunni, færeyska hljómsveitin Týr slær á rokkstrengi en hún hefur ekki spilað hér á landi í áratug. Slæst hún í hóp annarra erlendra listamanna sem koma fram í sumar en ber þar helst að nefna Kreator, Anathema, Watain og Batushka og er þá heildarfjöldi listamanna orðinn 41.

Bandarísku þungarokkshljómsveitirnar Slayer og Guns N’ Roses kíkja á Klakann í sumar en þrátt fyrir það er bjart yfir Eistnaflugsfólki. „Við búumst við svipuðum fjölda og í fyrra, eða um 1.500 manns. Miðasalan er í fullum gangi, við treystum á góða sölu fram að hátíð og að Austfirðingar nær og fjær komi til okkar og upplifi alþjóðlega tónlistarhátíð í heimabyggð.

Það er ljóst að það er óvanalega mikið í boði í sumar sem hefur áhrif, Secret Solstice þar sem Slayer spilar, Guns N’ Roses, Billy Idol og ekki má gleyma HM. Það er algjörlega sturlað að það sé svona mikið í boði á litla Íslandi á stuttum tíma og ekkert nema gott að segja um það að Íslendingar hafi val,“ segir Erna.



**Þetta árið verður áhersla lögð á að gera útisvæðið flott og skapa meiri stemningu þar. Einnig er í ár í fyrsta skipti sala á VIP-miðum.** MYND/RONALD ROGGE

Þetta árið verður lögð áhersla á að gera útisvæðið flott og skapa meiri stemningu þar. Slíkt hefur vantað síðustu ár. Einnig eru VIP-miðar til sölu í fyrsta skipti þar sem aðgangur verður að svæði með útsýni yfir allan salinn beint á sviðið.

„Annað sem má nefna er að hátíðin hefur fengið Stálsmiðjuna til umráða yfir hátíðina fyrir hliðarviðburð. Þar var árlegur viðburður frá 2009-2014 sem kallaðist Enter the Mayhemisphere, hliðarviðburður og listahátíð sem auðgaði Eistnaflug mjög mikið. Vonir standa til að geta skapað svipaða stemningu í Stálsmiðjunni í sumar og áður hefur verið, með nýjum áherslum,“ segir hún.

Hún bætir við að brosið sem kom þegar styrkurinn datt í hús sé ekkert að fara. „Við erum með sterkan hóp á bak við hátíðina og höldum áfram teinrétt með bros á vör og höldum einstaka tónlistarhátíð sem við elskum þar sem áhersla er lögð á vináttu, gleði og samhug og allir eru velkomnir,“ segir Erna.

**benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

**HONDA**
The Power of Dreams

# MEIRI AFKÖST
# MEIRI BÚNAÐUR
# MEIRI CIVIC




Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir öryggi og tæknilegum yfirburðum. Staðalbúnaður í Civic er radartengdur skriðstillir, árekstrarvari, akgreinaaðstoð og handfrjáls símabúnaður svo dæmi séu tekin. Civic er skemmtilegur að aka, öruggur og áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig og þína! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu Honda Civic meira af okkar besta til þessa.**



**Honda Jazz**
verð frá kr. 2.540.000



**Honda Civic**
verð frá kr. 2.990.000



**Honda HR-V**
verð frá kr. 3.870.000



**Honda CR-V**
verð frá kr. 4.840.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**HONDA**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Guðmundar Brynjólfssonar



## Leiðtogakjör?

Mikið er skelfilegt að horfa upp á það þegar fólk trúir á aðra dauðlega menn, býr sér til hálfguði. Bugtar sig og beygir fyrir þeim. Apar eftir þeim frasa og formúlur. Lætur taka af sér myndir við hlið þeirra. Kýs þá í kosningum og tekur á sig höggin sem misgjörðir þeirra kalla fram – sem er of oft.

En ef það er skelfilegt þá er ógeðslegt að horfa upp á átrúnaðargoðin spila inn á dýrkun hinna. Njóta þess að vera hálfguðir, þenjast út við hverja bjálfalega hneigingu lýðsins, leggja andaktugir við hlustir eftir eigin orðum úr munni hinna og geifla sig með grátlega heimóttarlegum einstaklingum á sjálfsmyndum safnaðarins.

Við gengum að kjörborðinu fræga á laugardaginn. Margir gátu vegið og metið málefni í friði og spekt – í mörgum hreppum lands var ekki lögð áhersla á persónudýrkun – heldur gengu listar fram í jafnræði; einstaklingar í auðmýkt. Þar fá málefnin margumtöluðu að ráða – í ró. Á hinum stöðunum, sem eru færri en oftast stærri, þurfum við að reyna að grína í fasteignagjöldin og útsvarið, fráveitumál og ferðamáta, í gegnum tannkremstúpur, fatabúðir og auglýsingastofur – eða þá í gegnum einhverjar óskilgreindar gáfur og yfirburði sem berast um stræti eða héruð líkt og þokuslæðingur; eins og spásagnir og gátur af galdraöld.

Fólk á ekki að trúa á annað fólk en sig sjálft. En heiðra aðrar manneskjur, eftir ígrundun – séu þær þess virði. Tal um sterka leiðtoga og pólitískar yfirburðamanneskjur er hjómið eitt. Þetta er fólk eins og við – hvorki merkilegra né ómerkilegra. Þó reyndar, stundum, ómerkilegra. Því þetta fen sem áður er lýst, er kjörlendi siðblindra.

„Við tökum manna vitnisburð gildan en vitnisburður Guðs er meiri.“


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

Aðeins 500 á starfsmann á viku
Ávextir í áskrift kosta um 550 kr. á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins er engin.
AVAXTA-BÍLLINN Ávaxtaðu betur
www.avaxtabillinn.is
avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

r
# SUMAR SPRENGJA!
## KING KOIL ALPINE FIRM
Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu poka gorma kerfi, stífur toppur og steyptir kantar, ásamt botni og fótum.
Stærðir King (193x203 cm) eða Cal King (183x213 cm)

40% AFSLÁTTUR

SUMARTILBOÐ 18.816 kr. á mánuði* og fyrsta afborgun í september.
Staðgreitt 213.459 kr.

SUMARTILBOÐ 213.459 kr.
FULLT VERÐ 355.765 kr.

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

## KING KOIL ALPINE FIRM
Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu poka gorma kerfi, stífur toppur og steyptir kantar, ásamt botni og fótum.
Stærð Queen (153x203 cm)
SUMARTILBOÐ 154.783 kr.
FULLT VERÐ 154.070 kr.

SUMARTILBOÐ 13.694 kr. á mánuði* og fyrsta afborgun í september.
Staðgreitt 154.070 kr.



22.784 KR. á mánuði* og fyrstu afborgun í ágúst.

## STILLANLEGIR DAGAR Í REKKJUNNI
Stillanlegt Ergomotion 40-rúm stærð 90x200 cm., (hvort rúm) með pokagormadýnum á 22.784 kr. á mánuði* og fyrstu afborgun í ágúst.
Staðgreitt 259.465 kr.

Stakar dýnur, 90x200 cm.,sem henta í stillanleg rúm.
Verð frá 31.255 kr. stk.

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM